

37. árgangur 2014

SKÍMA



MÁLGAGN MÓÐURMÁLSKENNARA

RITUN, SKÖPUN OG GLEÐI
SAGT FRÁ NÝJUM NÁMSBÓKUM

LJÓÐAGERÐ Í LEIKSKÓLA

PRÁSTEF OG
PAGNIR

HVAÐ VILJA BÖRNIN LESA?

RÉTTINDALAUS MAÐUR LÆRBRAUT STÚLKU

LAXNESS Á SKÓLABEKK

Útgefandi

Samtök móðurmálskennara
Kennarahúsinu við Laufásveg
101 Reykjavík

Ritstjórar



Bjarki Karlsson
bjarki@bjarkamal.is



Helga Birgisdóttir
helgabi@hi.is

Ritnefnd



Brynja Baldursdóttir
brynja69@gmail.com



Brynja Baldursdóttir
brynjab51@simnet.is

Forsíðan

Stjórnendur sjónvarpsþáttarins
Orðbragðs, Bragi Valdimar Skúlason
og Brynja Þorgeirsdóttir
Mynd: RÚV

Umbrot

Ritsjtjón

Prentun

Litlaprent

Frá ritstjórum	3
Ritun, sköpun og gleði í starfi Samtaka móðurmálskennara	4
SM ýtt úr vör	5
Brynja Baldursdóttir ræðir við Kolbrúnu Sigurðardóttur	
Ævintýrin lifna við í Noregi	8
Sæmundur Helgason segir frá sumarnámskeiði Nordkurs í máli og myndum	
Viltu skrifa það sem ég ætla að segja þér?	10
Eygló Ida Gunnarsdóttir skrifar um ljóðagerð í leikskólanum Garðaborg	
Myndasögur og lestrarkennsla	12
Hafdis Guðrún Hilmarsdóttir skrifar um teiknimyndasögur í lestrarnámi	
Prástef og þagnir í málgagni móðurmálskennara	16
Ásgrímur Angantýsson greinir orðræðuna í <i>Skímu</i> fyrri ára	
Þjóðtunga eða ríkistunga	20
Vár í Ólavsstovu, aðjunkt við Fróðskaparsetur Færeyja, skrifar	
Þetta litla, sérviskulega, dásamlega og kröftuga mál	23
Umfjöllun um bókina <i>Orðbragð</i>	
Við eigum ekki að vera feimin að tjá okkur	24
<i>Skíma</i> ræðir við Brynju Þorgeirsdóttur og Braga Valdimar Skúlason	
Orðaleikir sem „virka“ í sjónvarpi	27
Eyrún Elly Valsdóttir skrifar um tungumálafræðslu í sjónvarpi	
Verkefnamiðað nám og leiðsagnarmat	30
Sverrir Árnason	
Æsir í nýjum búningi	32
Þórdís Edda Jóhannsdóttir skrifar um kennsluefni um goðafræði	
Völuspá á hvíta tjaldinu	35
Hallfríður J. Ragnheiðardóttir skrifar	
Rafræn útgáfa Snorra-Eddu	36
Hvað vilja blessuð börnin lesa? Hvað fá þau að lesa?	37
Brynja Baldursdóttir skrifar um yndislestur	
Laxness á skólabeck	40
Kristrún Heiða Hauksdóttir skrifar um notkun verka Kiljans í skólum	
Nýjar kennslubækur fyrir unglingastig grunnskóla	42
Samræmt íslenskupróf í 10. bekk haustið 2014	44
Eiríkur Rögnvaldsson	
Réttindalaus maður lærbraut stúlku	46
Bjarki Karlsson rýnir í fyrirsagnir	

Frá ritstjórum:

37. árgangur *Skímu*

Þetta hefti *Skímu* – sem er jafnframt hið síðasta undir ritstjórn undirritaðra – kemur út heldur seint á árinu og mætti því vel nota það sem aðventu- eða jólagjöf. Innihald blaðsins er af fjölbreyttum toga og endurspeglar nokkuð vel þá þjóðfélags- umræðu sem átt hefur sér stað síðasta árið eða svo um íslenska tungu, íslenskar bókmenntir og íslenskukennslu.

Fjallað er um nýlegar kennslubækur í íslenskri málfræði, sýnisbækur íslenskra bókmennta og endursagnir á *Snorra Eddu* fyrir grunnskólanema. Útgáfa skólabóka á mjög undir högg að sækja en þær góðu bækur sem hér er ritað um – ásamt fleiri – sýna hversu góðar skólabækur er hægt að skrifa og hvers við myndum fara á mis ef þær kæmu ekki út. Læsi hefur einnig verið töluvert í umræðunni. Við leggjum okkar lóð á vogarskálarnar og birtum tvær greinar tengdar lestri. Önnur fjallar um ljóðagerð leikskólanema og hin um lestur myndasagna. Einnig skal minnst á umfjöllun Eiríks Rögnvaldssonar um nýjasta samræmda prófið í íslensku en tekist hefur verið á um gildi samræmdra prófa, hvort leggja ætti þau niður eða breyta þeim, auk þess sem sitt sýnist hverjum um gæði prófanna og frágang.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um stöðu íslenskrar tungu meðal ungs fólks sem elst upp við meiri áhrif erlendra menningar og erlendra miðla en nokkru sinni fyrr og notar tæki sem

kunna að tala – en ekki íslensku. Við erum þó ekki ein í þessum efnum eins og sjá má af umfjöllun Várar í Ólavsstovu um stöðuna í Færeyjum og hvaða leiðir hún sér til að bregðast við.

Sjónvarpsþátturinn *Orðbragð* hefur heldur betur slegið í gegn og hafa þáttastjórnendur meðal annars hlotið viðurkenningu Samtaka móðurmálskennara. Ritstjórar tóku tali þau Brynju Þorgeirsdóttur og Braga Valdimar Skúlason og spjölluðu við þau um þáttinn, íslenska tungu og tengsl hans við skólakerfið. *Orðbragð* er þó ekki fyrsti sjónvarpsþátturinn sinnar tegundar og Eyrún Elly Valsdóttir skrifar áhugaverða grein um forvera *Orðbragðs*. Ekki er aðeins fjallað um nútíð og mögulega framtíð í *Skímu*, við lítum einnig um öxl og Brynja Baldursdóttir ræðir við Kolbrúnu Sigurðardóttur, einn stofnfélaga SM, um fyrstu starfsár samtakanna. Ásgrímur Angantýsson greinir frá þrástefjum og þögnum í orðræðu um málfræðikennslu í *Skímu*, hvernig fjallað hefur verið um málfræðikennslu í blaðinu og hvernig æskilegt væri að gera það. Þá er í blaðinu fjallað um hið gróskumikla starf Samtaka móðurmálskennara, skemmtilegt Nordsprák-námskeið í Noregi og ýmislegt fleira.

Ritstjórar vilja þakka þeim Brynju Baldursdóttur, kennara í Hagaskóla, og Brynju Baldursdóttur, fyrrverandi kennara í FG, fyrir einkar ánægjulegt samstarf auk þess sem stjórn SM fær góðar þakkir.

STJÓRN SM

2014–2015

Formaður:

Lilja Margrét Möller
grunnskólakennari

Gjaldkeri:

Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
grunnskólakennari

Ritari:

Rúnar Helgi Vignisson,
háskólakennari

Meðstjórnendur:

Steinunn Egilsdóttir
framhaldsskólakennari

Úlfar Snær Arnarson
framhaldsskólakennari

Varamenn:

Steinunn Njálisdóttir
starfaði með stjórninni
og sinnti gjaldkerastörfum

Rósa Marta Guðnadóttir
framhaldsskólakennari

Ritun, sköpun og gleði í starfi Samtaka móðurmálskennara

Hefðbundin stjórnarstörf og viðburðir hafa einkennt starf stjórnar Samtaka móðurmálskennara frá því síðasta tölublað *Skímu* kom út í október 2013 og þar til nú. Þessi störf hafa öðru fremur einkennt af ritun, sköpun og gleði. Þetta á til að mynda við um skemmtilegan skammdegisfund samtakanna sem haldinn var í nóvember síðastliðnum og Nordsprák-fund í Noregi um skilning á mæltu máli. Einnig er gerð grein fyrir ritlistaráttakinu Laxnessfjöðrinni sem samtökin hafa staðið fyrir undanfarin tvö ár.

Samtök móðurmálskennara hafa undanfarin tvö ár staðið fyrir ritlistaráttaki í grunnskólum. Verkefnið felst í því að bjóða nemendum í 9. bekk að vinna að ritlistarverkefnum ásamt íslenskukennurum sínum. Aðaláherslan er á sköpunargleðina, að gefa nemendum tækifæri til að vinna á skapandi hátt með íslenskt mál, en vel mætti hugsa sér að láta ritun draga vagninn fyrir annan lærdóm í leiðinni, svo sem stafsetningu, málfræði, málnotkun og bókmenntasögu.

Í tengslum við verkefnið er íslenskukennurum viðkomandi skóla boðið upp á þriggja tíma námskeið þar sem þeim eru kynntar ýmsar aðferðir við kennslu í ritlist.

Lágafellsskóla og Varmárskóla var boðið til þátttöku í janúar 2013. Uppskeruhátíð var haldin í Varmárskóla í maí 2013. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, afhenti fjórum stúlkum úr Mosfellsbæ Laxnessfjöðrina fyrir verk sín en fjaðrirnar eru gjöf frá myndlistarmanninum Erlingi Jónssyni. Viðurkenningar hlutu Margrét Dís Stefánsdóttir og Kristjana Björnsdóttir úr Varmárskóla ásamt Andreu Dagbjörtu Pálsdóttur og Diljá Guðmundsdóttur úr Lágafellsskóla.

Laxnessfjöðrin sveif yfir Suðurnesin á vor-mánuðum 2014. Uppskeruhátíð var haldin í Stapa í maí. Vigdís Finnbogadóttir afhenti þar fjórum stúlkum af Suðurnesjum Laxnessfjöðrina fyrir verk sín: Söndru Dögg Georgsdóttur úr Holtaskóla, Valdísi Viktoríu Pálsdóttur úr Myllubakkaskóla, Svanfríði Árnýju Steingrímsdóttur úr Grunnskólanum í Sandgerði og Sigrúnu Maríu Endresen úr Njarðvíkurskóla. Sérstaka viðurkenningu fékk 9. bekkur Njarðvíkurskóla fyrir hópverkefnið „Satt og logið í sveitinni“.

Málræktarsjóður styrkti verkefnið 2014. Umsjón með því hafði Rúnar Helgi Vignisson dósent í ritlist og stjórnarmaður í Samtökum móðurmálskennara.



LAXNESSFJÖÐRIN AFHENT

SM

ytt úr vör

Forvitnast um fyrstu starfsár Samtaka móðurmálskennara

Á heimilinu er erfitt starf fyrir höndum, taka pappakassa nokkra niður úr hillu í geymslunni og skoða innihaldið. Óljós áletrun utan á kössunum segir lítið til um hvað þar biður. Rykugir kassar og þungir, en hvað þetta er lítið vekjandi og hvetjandi. Jæja, klippa á gömul límbönd, opna og skoða hvað veldur allri þessari þyngd. Tímarit, alls konar tímarit, koma í ljós. Og þarna eru bunkar af *Skímu*, málgagni Samtaka móðurmálskennara. Ja hérna, hér er látið staðar numið í rykmekki og grúski, *Skíma* og samtökin sem gefa tímaritið út tekin til gagngerrar athugunar yfir (eða undir) tebolla og ristaðri kanilbeyglu með osti.

Um leið og fyrstu blaðsíðunum er flett vaknar forvitnin. Hver voru eiginlega tildrögin að stofnun þessa félags? Til að svara forvitninni er um að gera að ræða við forkólfana. **Kolbrún Sigurðardóttir** er svo elskuleg að bjóða greinarhöfundi heim og fræða hann um félagið sem haldið hefur utan um íslenskukennara í öll þessi ár.

37 ára saga

Við nokkra athugun og lestur í *Skímu* kemur í ljós að rúm þrjátíu og fimm ár eru liðin síðan Samtök móðurmálskennara voru stofnuð. Fyrstu tölublöð málgagnsins eru alveg dásamleg, í svart-hvítu, fáar blaðsíður og hver fersentimetri nýttur til hins ítrasta, varla rúm fyrir upplýsingar um ritstjórn og slíkt. Á stofnfundi Samtakanna, laugardaginn 3. desember 1977, komu saman allmargir íslenskukennarar og var þeim heitt í hamsi. Nauðsynlegt var að gera íslenskunni hærra undir höfði en þá var gert. Ný námskrá lá á borðinu og einnig var ljóst að enn átti að fækka kennslustundum í íslensku. Ásgeir Svanbergsson, kennari í Þinghólskóla; Indriði Gíslason, námstjóri; Kolbrún Sigurðardóttir, æfingakennari við Æfinga- og tilraunaskóla KHÍ; Ólafur Víðir Björnsson, kennari í Hagaskóla og Þórhallur Guttormsson kennari við Verzlunarskóla Íslands voru skipuð í bráðabirgðastjórn samtakanna. Framhaldsstofnfundur var svo haldinn fyrir fullu húsi í sal Kennaraháskólans laugardaginn 3. júní, 1978. Þar voru lög samtakanna samþykkt og eru þau

mjög svo samhljóma þeim lögum sem gilda nú og eru gott dæmi um þann metnað sem hefur einkennt starf samtakanna.

Áhyggjur og metnaður

„Við höfðum miklar áhyggjur af íslenskukennslunni,“ segir Kolbrún þegar hún er spurð að því hvers vegna Samtökum móðurmálskennara var komið á laggirnar. „Í Kennaraháskólanum var mjög sterkur hópur sem vildi gera eitthvað í þessu. Karlmennt voru í meirihluta – en komu til mín og báðu mig um að vera með, sögðu að þá vantaði grunnskólakennara í hópinn.“ Sjálf hafði Kolbrún farið fremur seint í kennaranám og var komin yfir þrítugt þegar hún hóf störf hjá KHÍ í tengslum við námsefni og æfingakennslu.

„Fyrstu ár SM voru mikið baks, fundir haldnir heima hjá Indriða seint á kvöldin – loftið þrungið vindla- og pípureyk, kaffidrykkja stunduð stíft og margt rætt.“ Kolbrún var eina konan í stjórn fyrstu árin. Í fyrstu bar á togstreitu milli skólastiga, ekki vildu allir að grunnskólakennarar væru í sama félagi og framhaldsskólakennarar og fræðimenn aðrir. En Indriði Gíslason sagði að íslenskukennarar kæmu allir jafnir að borðinu, sama á hvaða skólastigi þeir kenndu. Við það sat, allir voru velkomnir í félagið. Enda stendur nú einhvers staðar að allir kennarar séu móðurmálskennarar.

Að breiða út boðskapinn

Stofnfélagar veltu heilmikið fyrir sér markmiðum félagsins en þau koma fram í lögum þess. Ekki er annað að segja en markmiðin séu metnaðarfull en í annarri grein laganna segir að markmið þess sé „að vinna að vernd og viðgangi íslenskrar tungu á öllum sviðum“. Í þriðju grein er lýst hvernig markmiðinu skal ná og er sú lýsing mjög ítarleg. Hér eru dæmi: „... með því að auka þátt kennara í að móta kennsluna ... með því að láta sig skipta menntun móðurmálskennara og hafa samskipti við þær stofnanir sem þá menntun annast ... með því að efna til ráðstefnuhalds, námskeiða og útgáfustarfsemi“.

**Kolbrún
Sigurðardóttir,
einn af stofn-
félögum SM
og heiðurs-
félagi þess,
segir Brynju
Baldursdóttur,
fyrirverandi
kennara í
FG, frá fyrstu
starfsárum
félagsins**

Sjálf segir Kolbrún að markmiðið hafi náttúrulega verið að breiða út boðskapinn eins og hægt var. Reynt var að koma á laggirnar kynningarfundum til að gefa fólki tækifæri til að koma og sjá stjórnina og spyrja spurninga sem brunnu á því. En lítið varð úr slíkum fundum, fáir mættu og svo voru stjórnarmenn önnum kafnir í sínum störfum, við kennslu og fræðimennsku.

Hvað með erlent samstarf? Í einni undirgrein þriðju greinar laga SM er kveðið á um erlent samstarf – að félagið eigi að leita tengsla við móðurmálskennara erlendis, til dæmis með kynnisferðum. Hefur það ekki ávallt verið stór hluti af starfi félagsins?

Kolbrún skrifaði heilmikið í blaðið frá byrjun og sá um að gefa lesendum innsýn í norrænt samstarf. Ferðir móðurmálskennara voru frá upphafi vinsælar,

segir Kolbrún. Reyndar þurftu ferðalangarnir að greiða úr eigin vasa en það breytti ekki þeirri staðreynd að margir vildu á fundi móðurmálskennara í frændríkjum okkar. Strax í fyrsta tölublaði *Skímu* má lesa frétt um norrænt sumarnámskeið á Þelamörk þar sem taka átti fyrir viðfangsefnið að lesa *bókmenntir*. Þar eru kennarar hvattir til að sækja um þrátt fyrir að hafa í enga sjóði að sækja.

„Fyrstu fundirnir um norrænt samstarf voru erfiðir,“ segir Kolbrún. „Maður var nú ekki beinlínis að trana sér fram. En svo óx mér ásmegin enda nóg að gera. Tveir stórir fundir á ári til að ræða um móðurmál og móðurmálskennslu. Norðmenn, Svíar og Danir unnu saman að kennsluefni en við vorum ekki með í því, ekki frekar en Finnar.“ Í *Skímu* frá 1988, 1. tbl, bls.

5 skrifar Indriði Gíslason um SM og tíu ára afmæli samtakanna. Þar segir hann um norrænt samstarf: „Fátt er hollara en kynni af móðurmálskennslu svo skyldra þjóða þó ekki væri til annars en sannreyna að vandamálin eru alstaðar þau sömu. Þarna hafa samtökin rækt hlutverk sitt með þryði.“

Átök og árangur

Árið 1978 kom út fyrsta tölublað *Skímu*, mál gagns SM. Þar stendur meðal annars: „Þessu frumblaði er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að kynna stofnun samtakanna og fyrirhugaða starfsemi þess en vonandi getur svo orðið eitthvert framhald á útgáfunni“ (bls. 5). Í ritstjórn til að byrja með var stjórn félagsins eins og hún lagði sig.

Kolbrún heldur áfram: „Erfiðlega gekk að fá fólk til að skrifa í blaðið, hreinn kleppur, menn voru ekki allir á sama máli hvort greinarnar ættu að vera fræðilegs eðlis eða fjalla um hagnýtt efni sem hentaði fólki beint í kennslu. Konur voru enn tregari til skrifa en karlar, sumar þjáðust af mikilli minnimáttarkennd.“ Kolbrún nefnir einnig að ekki hafi verið auðvelt að fá fólk til að ganga í félagið og styrkja þar með útgáfu mál gagnsins *Skímu*. Kennarar sögðu sumir að félagsaðild væri ekki til neins og þeir gætu bara lesið blaðið á bókasafninu!

Stafsetning á alþingi.

Ekki höfðu Samtök móðurmálskennara fyrr verið stofnuð en þau sönnuðu tilverurétt sinn svo að ekki varð um villst: Bréf barst frá allsherjarnefnd sameinda alþingis og var þess farið á leit að félagið segði álit sitt á margfrægri þingsályktunartilögu Sverris Hermannssonar o. fl. um íslenska stafsetningu.

Stjórninni brá nokkuð við þessi tíðindi og óttaðist að félagið mundi nýstofnað leysast upp í frumparta sína — því um stafsetningu verða menn seint sammála.

Nefnd var skipuð í málið og var að því unnið í jólafríinu að setja saman umsögn handa Hinu Háa Alþingi. Ótti við ósamkomulag reyndist með öllu ástæðulaus; nefndin varð sammála um svar þar sem reglum nefndrar þingsályktunartilögu (ef reglur skyldi kalla!) var algerlega hafnað. Vegna rúmleysis í blaðinu sjáum við okkur ekki fært að birta hið gagnmerka álit nefndarinnar en í henni áttu þessir sæti:

Árni Bödvarsson, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Bjarni Fr. Karlsson, Hagaskóla, Guðmundur B. Kristmundsson, Æfingaskóla KHÍ, Ingi Kristinsson, skólastjóri Melaskóla, Jón S. Guðmundsson, Menntaskólanum í Reykjavík og Þóra Kristinsdóttir, Æfingaskóla KHÍ.

Fleiri voru hafðir með í ráðum og vill stjórn samtakanna þakka öllum þeim, sem hér unnu að, góð störf.

Þankar um útgáfu.

Með þessu blaði hleypa Samtök móðurmálskennara heimdraganum ef svo mætti segja. Þau hafa skipað sér í raðir útgefenda. Já, öllu má nú nafn gefa mun einhverjum verða að orði — og víst vildum við að mál gagnið væri betur úr garði gert.

Í fyrsta tölublaði annars árgangs (bls. 8) eru skilaboð frá ritnefnd *Skímu* og greinilegt er að menn eru þungir á brún og þungt hugsi. Rætt er um greinararnar sem hafa birst í blaðinu en engin viðbrögð koma frá lesendum. „Kannske er ritnefndin í líkri stöðu og kennari frammi fyrir dauðasljóum bekk. Hann reynir og reynir en nemendur henga haus. Gamanlaust, lesendur góðir, sendið okkur línu, athugasemd, grein, lof eða last. Allt er betra en þögnin.“

Þrátt fyrir átök og erfiðleika – og stundum ekki nægilega bjartsýni – hefur *Skíma* komið út í 37 ár og er til marks um öflugt starf Samtaka móðurmálskennara. Kolbrún Sigurðardóttir er stolt af því að hafa komið að stofnun Samtaka móðurmálskennara. Hún lagði sitt af mörkum til að íslenskukennarar gætu sameinast um málstaðinn, að gera kennslu móðurmáls öfluga og samtvinna öll skólástig í eitt félag. Viðtali við Kolbrúnu

lokið og nú er um að gera að pakka blöðum aftur í kassann og ... bíddu aðeins, hvernig væri að setja *Skímu* upp í hillu í bókaherberginu – hafa blöðin tiltæk þegar löngun knýr greinarhöfund til að rýna í innihaldið. Kassarnir fara því án *Skímu* í geymslu, nýtt límband og ný áletrun. Safna ryki þar til næst.



Ævintýrin

lifna við í Noregi

Nordsprák-sumarnámskeið

Nordsprák-námskeiðið „Þar sem ævintýrin lifna við“ var haldið í Lofthus í Hardanger Noregi dagana 27. júlí til 1. ágúst síðastliðinn. Umhverfið var allt hið glæsilegasta og verðið lék við þátttakendur. Dagskráin var allt í senn, fræðandi, skemmtileg og metnaðarfull; hvort sem um var að ræða fyrirlestra, vettvangsferðir, vinnustofur eða aðrar og óvísindalegri skemmtanir.

Meðal þeirra sem fluttu fyrirlestra voru leikstjórinn Dagur Kári, sem fjallaði um eigin kvikmyndir og líf norræns kvikmyndaleikstjóra, og Gerður Kristný sem fjallaði um hina margverðlaunuðu ljóðabók sína, *Blóðhófni*. Meðal annarra fyrirlesara má nefna norsk-danska rithöfundinn Kim Leine, verðlaunahafa bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2013 og einnig verður að minnast á Stine Jensen sem fjallaði um ímynd Norðurlandanna í Hollandi, einkum það sem hún kallaði „hina svölu Danmörku“.

Sæmundur Helgason var einn þeirra sem fóru á námskeiðið og hann deilir hér með lesendum *Skímu* ljósmyndum sem hann tók meðan á því stóð.



Íslendingarnir í hópnum (auk mín) voru hérna öll á mynd lengst til vinstri: Regína Unnur Margrétardóttir úr FÁ, Símon Jón Jóhannsson úr Flensborg og Sveinn Þórðarson úr sama skóla.



Símon Jón var skipherra í mikilli svaðilför íslenskra drengja sem stunduðu kappróðraefingar af krafti. Hótel Ullensvang er þarna í baksýn. Þar nutum við velgjörða í mat, drykk og góðum aðbúnaði. Flestir fyrirlestrar voru þar líka. Veðrið var yndislegt og sjórinn hlýr.



Hérna eru svo hásetarnir, Sveinn og Sæmundur. Eins og sést þá vorum við komnir lengst út á rúmsjó ...

Átökin við róðurinn voru helst til mikil. Árin var líkust tannstongli og brotnaði svona líka um sig miðja. Nú voru góð ráð dýr, við drengirnir staddir úti á rúmsjó Suðurfjarðar og langt í land!

En Sveinn dó ekki ráðalaus og sá til þess að við komumst á einum hreyfli til lands. Þetta þótti hin skemmtilegasta ferð!



Hér má sjá Hotel Ullensvang með íslenska drengi í forgrunni.



Hérna er hópurinn í sögugöngu um miðbæ Odda í Suðurfirði. Frode Grytten, þessi með hattinn, les upp úr bók sinni *Bikubesong*.



Að sjálfsögðu fór hópurinn á Local bryggjhus og smakkaði nokkrar gerðir af heimagerðu öli. Bestur þótti „Skaka Harding“.



Stund milli stríða hjá Sveini íslenskukennara í Flensburg.



Danski rithöfundurinn Josefine Klougart.



Gerður Kristný flytur pistil og les úr bók sinni *Blóðhófni*.



Rithöfundurinn Kim Leine les upp úr bók sinni *Profetene i evighetsfjorden!*

Sæmundur Helgason
kennari
sæmundurh
@horna-
fjordur.is

Viltu skrifa það sem ég ætla að segja þér?



BARN BAÐ UM
AÐ FÁ AÐ BÚA
TIL LJÓÐ Í LISTA-
SMIÐJU LEIK-
SKÓLANS.

Í leikskólanum Garðaborg við Bústaðaveg yrkja börnin ljóð. Þegar þetta er ritað hafa tvær bækur með úrvali ljóða nemenda þegar verið gefnar út og bera þær titlana *Núna er hann beinagrind upp í himninum* og *Amma mín er alltaf með næstum því appelsínugult hár og krumpuð í olnbogunum*. Þriðja bókin er í vinnslu og er væntanleg í vor. Markmiðið með þessum skrifum er að kynna hvernig ljóðagerð með leikskólabörnum fer fram, hvernig hún er skipulögð og hvaða merkingu hún hefur fyrir börnin í leikskólanum.

Kennarinn er klappstýran og ritarinn

Ljóðavinna með börnum í leikskólanum Garðaborg hófst árið 2012 og er nú orðin órjúfanlegur hluti af starfi okkar í leikskólanum. Sú vinna byggir á B.Ed.-verkefni undirritaðrar sem beindist að því að kanna hvernig ljóðagerð með ungum börnum væri háttáð. Í raun eru fáar tiltækar og/eða útgefnar heimildir sem fjalla um ljóðavinnu með börnum á leikskólaaldri þó

Ljóðagerð í leikskólanum Garðaborg

að nokkuð hafi verið skrifað um slíka vinnu með börnum á grunnskólaaldri. Með því að staðfæra og laga þær heimildir sem þó eru til að vinnu með leikskólabörnum urðu til leiðbeiningar sem birtust í ljóðahandbókinni *Regnboginn hefur óteljandi liti* (Eygló Ida Gunnarsdóttir og Virginia Saharopulos 2008).

Í ljóðagerð með leikskólabörnum hefur kennarinn það hlutverk að skrá og skjalfesta það sem barnið segir – án þess að hafa áhrif á það sem kemur fram eða breyta því. Meginmarkmiðið er að barnið finni að það sjálft stjórnar ljóðagerðinni og að það séu hugmyndir og hugmyndaflug þess sem eiga að koma fram í ljóðinu. Í upphafi ferlisins geri ég barninu fyrst grein fyrir því að það sé hið „alvitra“ og ég hafi áhuga á að heyra skoðanir þess og hugmyndir. Ég leiði áfram með spurningum, skrifa niður jafnóðum og gæti þess að barnið geti séð á bókina sem ég skrifa í til að efla læsi þess. Ég les ljóðið oft yfir og spyr barnið hvort ég hafi skrifað ljóðið rétt niður og leiðrétti ef mistök hafa orðið. Þegar barnið er orðið sátt finnum við titil á ljóðið. Titillinn kemur síðast vegna þess að ljóðið getur þróast mikið í vinnunni og sem dæmi má nefna að ljóð sem í upphafi á að fjalla um mömmu verður að lokum ljóð um nóttina. Ef titillinn er strax festur á blað getur það bundið barnið við að fylgja honum eftir sem getur orðið til þess að hefta hugmyndaflæðið.

Sama má segja um rím. Það getur orðið til þess að barnið festist í því að leita að rímorðum í stað þess að leita í uppsprettu eigin hugarheims. Ég hef ekki lagt áherslu á rím og það hefur ekki komið upp sú staða að barn vilji ríma en það er að sjálf-sögðu í boði ef barnið hugnast það. Rannsóknir sýna þó að sé börnum gefinn kostur á því að velja sér ljóð til lestrar sækja þau í sterka hrynjandi og rím, fremur en til dæmis hið knappa form japönsku hækunnar. Yrki þau sjálf velji þau hins vegar síður að sleppa rími og yrkja um það sem þau þekkja úr nærumhverfi sínu (Cullinan og Galda 1994:132).

Fyrstu ljóðin eru frumstæð og gerð þeirra getur tekið þó nokkurn tíma. Hvert orð er í sjálfu sér ákveðinn sigur. Með tímanum verða ljóðin dýpri og tilurð þeirra er átakalaus og lipur. Börnin hafa mörg tileinkað sér frjálsglegri og draumkenndari lýsingarorð en í upphafi og ég þarf lítið að leiða þau áfram með spurningum. Þau hafa tekið í tauminn og ég gegni einungis því hlutverki að sýna áhuga og skrifa ljóðin niður.

Skipulagðar ljóðastundir eru fátíðar þar sem það eru börnin sem biðja um að fá að búa til ljóð. Ljóðin verða til við ýmsar aðstæður, til að mynda í útiveru, á salerni eða í miðjum leik barnanna. Þá er mikilvægt að vera með bók og penna við hönd og beiðnin „viltu skrifa það sem ég ætla að segja þér?“ er ekki óal geng.

Eygló Ida Gunnarsdóttir
Leikskólakennari í Garðaborg B.Ed.
Eygló Ida Gunnarsdóttir@reykjavik.is

Skipulagðar ljóðastundir geta orðið að yfirþyrmandi aðstæðum í lífi barnsins þar sem einhvers er krafist af því þá og þegar. Þegar barn hins vegar yrkir að eigin frumkvæði hefur það sjálft mótað hugmyndir sínar og er tilbúið til að deila þeim með öðrum.

Vert er að hafa í huga að breyta engu eftir eigin höfði því þá er ljóðið ekki lengur verk barnsins. Ef barn segir „kaupaði“, þá skrifa ég „kaupaði“. Þetta finnst mér mikilvægt að taka fram vegna þess að ég vil að rödd barnanna heyrist eins hátt og hægt er og að þeirra eigin verk fái að njóta sín. Ef verkin eru leiðrétt getur það dregið úr áhuga þeirra og vinnusemi ásamt því að skaða mögulega sjálfstraustið. Í raun má líta þetta sömu augum og að breyta teikningu barns – bæta öðrum fæti við höfuðfætluna eða stytta hendur hennar.

Fyrstu ljóð barnanna eru yfirleitt jarðbundin og snúa mikið eða alfarið að nærumhverfi þeirra. Algengt yrkisefni eru foreldrar, ömmur og afar, dýr og veðráttu. Það skyldi því engan undra að mörg ljóðanna fjalli á einn eða annan hátt um rigningu! Samhliða auknum þroska og reynslu færa börnin sig meira yfir í draumkennda sýn á veruleikanum þar sem fjöllin hafa sjálfstæða hugsun

og dauðir hlutir hafa mannlegar tilfinningar.

Hér fyrir neðan má sjá dæmi um ljóð ungs barns þar sem blákaldrur raunveruleikinn er festur á blað.

Vinna

Pabbi vinna

með mömmu.

Mamma vinna

með pabba.

Vinna afa.

Afi vinna pabba.

Hvers vegna?

Ljóðagerð er deyjandi listform. Ljóðabækur seljast lítið og salan hefur farið dvínandi undanfarin ár. Í ljóðagerð felst sköpun, tjáning og útrás. Ljóðagerð getur verið farvegur barna til að vinna sig út úr óþægilegum tilfinningum eða segja frá einhverju sem olli gleði í lífi þeirra. Í ljóðum birtast gjarna draumar, raunhæfir sem óraunhæfir. Að semja ljóð eykur orðaförða og hugmyndaflug og ljóð barnanna þróast að öllu jöfnu yfir tímabilið. Börnin fara úr því að yrkja jarðbundið og mikið til bundið við eigin reynsluheim, yfir í draumkenndar myndir, myndlíkingar og persónugervingar (svo sem „eins og“ eða „sólin brosir“). Börnin hafa mörg náð að tileinka sér ljóðagerð og jafnvel beðið um

að fá að búa til ljóð þegar þörfin fyrir útrás hefur blossað upp. Einnig getur ljóðagerð haft jákvæð áhrif á sjálfsmynd barna þar sem á þau er hlustað og þau ráða ferðinni en kennarinn fylgir leiðbeiningum þeirra.

Börnin eru orðin vön því að búa til ljóð og finnst það jafn sjálfsagt mál og að klippa og lita.

Í dag

Mér líður vel í dag.

Er að leika

og gráta.

Skóða bækur.

Það koma tár

úr nefnu

og leka

í vatnið.

Hér má sjá ljóð þriggja ára drengs sem tókst á við aðskilnaðarkvíða að morgni dags í leikskólanum. Honum var boðið að búa til ljóð, sem hann þáði. Hann byrjaði að yrkja á jákvæðum nótum en leyfði svo tárunum að vera með í ljóðinu.

Framtíð ljóðaverkefnisins í Garðaborg er enn óráðin en margir draumar bíða framkvæmda. Það sem er nærtækast er að vinna áfram að útgáfu þriðju bókarinnar sem er farin að taka á sig góða mynd. Það er von mín að Garðaborg verði áfram á ljóðrænum nótum, ég tel að margir snillingar framtíðarinnar leynist í Garðaborg.

Heimildir

Cullinan, B. E. og Galda, L. (1994).

Literature and the child. Orlando: Harcourt Brace and Company.

Gunnarsdóttir, E. I. og Saharopoulos, V.

(2008). *Regnboginn á óteljandi liti:*

Börn og ljóðagerð, hagnýtar upplýsingar.

Reykjavík: Bókauktálfan Hólar.



Myndasögur og lestrarkennsla

Myndasögur geta hentað mjög vel til að kenna byrjendum að lesa. Rannsóknir hafa sýnt að námsáhugi hefur bein áhrif á frammistöðu nemenda og því er mikilvægt að nemendur hafi val um að lesa það sem þeim þykir áhugavert. Reynsla höfundar af lestrarkennslu ungra nemenda er sú að úrval lestrarefnis fyrir byrjendur í lestri, þ.e. léttlestrarefni, er ekki nægilega mikið. Með því að bjóða upp á myndasögur sem lestrarkennslufni verður úrvalið af áhugaverðu efni meira.

bóka. Við upphaf skólagöngu vex orðaforði barna jafnt og þétt og með lestri bóka eykst orðaforðinn enn frekar því málfar í bókum er auðugara en talmálið (Cain, 2010). Það má því ljóst vera að lestur bóka er mikilvægur á þessu mótunarskeiði.

Málörvun þarf að vera fjölbreytt og ein leið að því marki er að lesa fyrir börnin. Umhverfið þarf að vera örvandi. Málörvun getur farið fram á ýmsan hátt, svo sem í gegnum leik og samræður. Lestur þarf að örva bæði heima og í skólanum. *Aðalnámsskrá grunnskóla* (2013) gerir ráð fyrir að nemendur séu orðnir

Barnið og lestur

Almennt er viðurkennt að lestrarfærni byggist á fimm grundvallarþáttum (National Reading Panel, 2000) og ber að leggja jafna áherslu á þá alla; hljóðkerfisvitund, umskráningu, lesfimi, orðaforða og lesskilning. Umskráningin byggist á hljóðkerfisvitund en lesskilningur á málskilningi. Málskilningur og umskráning eru aðskildir þættir sem tengjast lesskilningi (Perfetti, Landi og Oakhill, 2005). Umskráning felst í að tengja bókstafi við hljóð og breyta þannig texta í orð og orðum í hljóð. Færni í tungumálinu og hljóðum þess er undirstaða góðrar umskráningar (Hoover og Gough, 1990). Einstaklingur getur náð mikilli færni í umskráningu en haft slakan lesskilning. Að sama skapi getur lesskilningur verið góður þótt umskráning sé slök, ef textinn er lesinn fyrir einstakling sem ræður ekki við umskráninguna sjálfur (Hoover og Gough, 1990). Athöfnin að lesa er því sú kunnátta sem við notum til að umskrá orð og setningar og skilja merkingu þess sem lesið er (Cain, 2010).

Lögð hefur verið áhersla á mikilvægi þess að lesið sé fyrir börn allt frá unga aldri og þeim þannig veitt sú málörvun sem undirbýr þau fyrir lestrarnámið og skapar jákvætt viðhorf til

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir
Doktorsnemi við Menntavísindasvið HÍ
hafdís.gudrun.hilmarsdottir
@reykjavik.is



sjálfstæðir lesarar við lok fjórða bekkjar. Til að hjálpa þeim að ná þessum áfanga í lestri þarf úrval lestrarefnis að vera við þeirra hæfi.

Áhugi og sjálfsmynd

Í nútímaþjóðfélagi er mikilvægt að vera vel læs og geta starfsmöguleikar minnkað umtalsvert hjá þeim sem ekki hafa náð tókum á lestri. Allt nám verður mun erfiðara ef lestur gengur ekki greiðlega. Því er mikilvægt að hugsa um sjálfsmynd og áhuga nemenda þegar lestur er kenndur því sterk sjálfsmynd er afar mikilvæg (Paris og Paris, 2001). Markmið kennara ætti að vera að allir nemendur geti lesið sér til ánægju og yndisauka. Til að það takist þarf að efla sjálfsmyndina og ala á áhuga nemenda. Sjálfsmynd byrjenda í lestri styrkist við sigra í lestrarferlinu. Að geta lesið texta án aðstoðar er sigur. Að geta lesið áhugaverðar, innihaldsríkar bækur er enn stærri sigur.

Bækurnar þurfa að vera á því þyngdarstigi sem hæfir nemandanum hverju sinni. Að berjast í gegnum of þungan texta getur haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd og áhuga. Til að auka áhuga á lestri þarf efni bókanna að höfða til nemenda og söguþráðurinn að vera grípanði.

Námshvöt eða áhugahvöt er hugtak sem vísar til áhugans á að læra og trúarinnar á eigin hæfni (Dweck og Master, 2009). Náms- hvöt er tilhneiging nemenda til að finnast námið þess virði að hann leggi eitthvað af mörkum til að takast á við það. Mikilvægt er að nemendur hafi næga námshvöt til að nýta sér þær aðferðir til náms sem þeir ráða

yfir. Nemendur, sem hafa sterka námshvöt, standa sig betur í námi jafnvel þó að þeir búi ekki yfir meiri færni en aðrir nemendur (Dweck og Master, 2009).

Myndasögur

Vert er að velta því fyrir sér hvernig sjá megi nemendum, sem eru stutt á veg komnir í lestrarnámi, fyrir áhugaverðu og innihaldsríku lestrarefni sem hæfir takmarkaðri lestrargetu þeirra í byrjun en eflir skilning á því sem lesið er. Myndasögur geta verið með einföldum texta sem byrjendur ráða við. Gamalt orðatiltæki segir að mynd segi meira en þúsund orð og því ættum við að nota myndir meira til að hjálpa okkur að segja sögur. Myndir fanga gjarnan huga lesenda og er unga fólkíð oft hrifið af myndasögum. Rannsóknir hafa sýnt að myndasögur eru ein fárra textategunda sem ná að fanga athygli ungra lesenda og að myndasögur geti kveikt áhuga á frekari lestri. Til skamms tíma virðast kennarar samt ekki hafa valið þetta form bókmennta fyrir nemendur sína og virðast sumir halda að lestur myndasagna dragi úr frekar en eflir þróun máls hjá börnum (Carter, 2008). Þeir hafa því frekar hvatt nemendur sína til að lesa hefðbundnari bókmenntir. Undanfarið hefur þetta viðhorf þó verið á undanhaldi hér á landi.

Að lesa myndasögu krefst athygli; augun hvarfla frá mynd að texta og til baka aftur og lesandinn þarf að meðtaka miklar upplýsingar til að vinna úr. Lesandi myndasögu getur einnig lesið á þeim hraða sem honum hentar og þannig geta nemend-



HAFÞÍS GUÐRÚN HILMARSDÓTTIR

ur, sem ekki eru orðnir hraðlæsir, frekar tileinkað sér innihald myndasögu en textabókar (Versaci, 2008). Markmið allra sem standa að lestrarnámi barna er að fá nemendur til að lesa meira og til að lesa merkingarbæran texta. Samkvæmt nýútkominni greina- námskrá *Aðalnámskrár* (2013) ber að leggja áherslu á að kenna nemendum að lesa fjölbreyttan texta, samsettan úr texta, myndum og fleiru. Myndasögur gætu því verið ákjósanlegur kostur í lestrarnáminu. Nemendur þurfa að beita ályktunarhæfni við lestur myndasagna og virðast myndasögur krefjast eða jafnvel hvetja til hugsunar sem nauðsynleg er fyrir lesskilning.

Ekki hefur verið mikið rannsakað hvernig myndasögur nýtast í lestrarkennslu en þær rannsóknir sem gerðar hafa

verið sýna að þær vekja áhuga nemenda og geta kveikt hjá þeim áhuga á frekari lestri og þá fleiri tegunda bóka, ekki eingöngu myndasagna (Ujii og Krashen, 1996). Það er mjög einstaklingsbundið hvenær börn eru tilbúin að hefja lestrarnám, það fer ekki eftir aldri en áhugahvötin hefur áhrif (Byrnes og Wasik, 2009). Hver og einn nemandi ætti að fá tækifæri til að velja sér lestrar-efni í takt við eigin getustig og



Myndasögur geta gagnast byrjendum í lestri við að ná tökum á lestrinum, vakið áhuga þeirra og þær ættu því að vera raunhæfur valkostur barna í lestrarnámi þeirra.

út frá áhuga sínum. Í úrvali létt-lestrarbóka ættu einnig að vera myndasögur. Til að vekja áhuga

nemenda og gera þá að ævilöngum lesendum þurfa þeir að kynnast lesefni sem hefur einhverja þýðingu fyrir þá (Versaci, 2008). Þegar lestraráhugi er vakinn eða honum viðhaldið verða nemendur virkir þátttakendur í yndislestri og velja sjálfir að lesa sér til ánægju og yndisauka.

Myndasögur, sem samdar eru fyrir byrjendur í lestri, þurfa

að skarta vönduðum teikningum sem fanga hug nemenda en einnig þarf að huga að textanum sem fylgir myndunum. Hann má ekki vera með flóknum eða löngum orðum. Textinn þarf líka að vera hæfilega langur, hann má hvorki vera of mikill né lítill. Þá þarf textinn að styðja við myndirnar. Vanda þarf söguþráðinn og hafa hann áhugaverðan. Huga þarf að lengd hvers myndasögu því of löng saga gæti dregið úr lestraráhuga hjá þessum aldershópi. Flestir nemendur á þessum aldri þurfa fyrst og fremst að þjálfra umskráningarfærnina og gera hana sjálfvirka og ná upp lestrarhraða en einnig er verið að æfa lesskilning og bæta við orðaforða. Með myndasögum er einfalt að þjálfra alla þessa þætti. Textarnir þjálfra umskráningu og myndarammarnir eiga að geta boðið upp á ríkulegan skilning á efninu. Hægt er að fara ítarlegar í söguþráð með myndasögurömmum en hægt er að gera með venjulegri sögubók fyrir byrjendur. Nemendur þurfa að rýna í allar myndirnar í rétttri röð og fá þannig dýpri sögu og skilning á uppbyggingu frásagna (Low, 2012).

Með því að kenna nemendum að búa til myndasögur sjálfir með pappír, blýanti og litum má einnig örva lestraráhuga þeirra.



Einnig er hægt að vinna myndasögur á stafrænan hátt í tölvu. Til þeirra hluta má sækja á internetið ýmis forrit sem auðvelt er að læra á. *Comic Life* (Bledsoe, 2014) er eitt þessara forrita og er töluvert notað í skólum. Á vefsetri forritsins eru taldir upp kostir þess að nota myndasögur í skólustarfi. Þar segir að myndasögur auki áhuga barna á ritun; í þeim megi finna auðveldu leið fyrir nemendur að læra að rita samtöl, myndirnar geri efninu betri skil og oft reynist nemendum auðveldara að læra efni með sjónrænum hætti. Forritið er hægt að nálgast fyrir PC-tölvur, Mac og snjalltæki frá Apple. Myndasögugerð mætti tengja ýmsum viðfangsefnum og námsgreinum á borð við íslensku, erlend mál, myndmennt, upplýsingatækni og leikræna tjáningu (Bledsoe, 2014).

Meistaraverkefni mitt (2013) fólst í því að skrifa myndasögur fyrir byrjendur í lestri. Myndasögublöðin eru tíu talsins. Sögurnar fjalla allar um hundinn Kát, uppátækjasaman hund sem lendir í ýmsum ævintýrum. Myndasögublöðin hafa ekki enn verið gefin út en vonandi verður útgáfa þeirra að veruleika fljótlega. Útgáfa á myndasöguefni fyrir byrjendur í lestri myndi auka fjölbreytni á áhugaverðu lesefni.

Samantekt

Það er reynsla mín að myndasögur höfða oft og tíðum mjög til drengja. Myndasögur geta gagnast byrjendum í lestri við að ná tókum á lestrinum, vakið áhuga þeirra og þær ættu því að vera raunhæfur valkostur barna í lestrarnámi þeirra. Uppbygging myndasögunnar hentar vel

sem lestrarkennsluefni þar sem myndirnar, ekki síður en textinn, tala máli sögunnar. Skilningur á efni sögunnar veltur því minna á umskráningargetu nemandans. Hins vegar þurfa nemendur ákveðna æfingu og færni í lestri myndasagna til að átta sig á uppbyggingu þeirra. Sú æfing hjálpar nemendum í lestrarnáminu því hún eykur skilning þeirra á uppbyggingu sögu og eykur ályktunarhæfni þeirra. Finnum áhugavert lestrarefni fyrir börnin okkar, myndasögur eða annan texta, svo lestrarnámið verði skemmtileg upplifun og auki áhuga þeirra á lestri.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 2011 og greinasvið 2013 (2013). Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Bledsoe, G. (2014). *Comic Life* forrit fyrir myndasögugerð. Sótt 21. september 2014 af plasq.com/apps/comiclife/macwin.

Byrnes, J. P. og Wasik, B. A. (2009). *Language and literacy development: What educators need to know*. New York: The Guilford Press.

Cain, K. (2010). *Reading development and difficulties*. Wiley-Blackwell.

Carter, B. C. (2008). Comics, the Canon, and the Classroom. Í Nancy Frei og Douglas Fisher (ritstjórar), *Teaching visual literacy using comic books, graphic novels, anime, cartoons, and more to develop comprehension and thinking skills*. (bls. 47–60). Thousand Oaks, CA: Corwin Press.

Dweck, C. S. og Master, A. (2009). Self-theories motivate self-regulated learning. Í D. H. Schunk og B. H. Zimmerman (ritstjórar). *Motivation and self-regulated Learning* (bls. 31–52). New York: Routledge & Francis Group.

Hafðis Guðrún Hilmarsdóttir (2013). Að læra að lesa: myndasögur sem lestrarefni. Sótt 5. september 2014 af hdl.handle.net/1946/16877

Hoover, W. A. og Gough P. B. (1990). The Simple View of Reading. Í *Reading and Writing: An Interdisciplinary Journal* 2, 127–160.

Low, D. E. (2012). "Spaces Invested with Content": Crossing the 'Gaps' in Comics

with Readers in Schools. Í *Children's Literature in Education*, 43(4), 368–385.

National Reading Panel (US), National Institute of Child Health, & Human Development (US). (2000). *Report of the national reading panel: Teaching children to read: An evidence-based assessment of the scientific research literature on reading and its implications for reading instruction: Reports of the subgroups*. National Institute of Child Health and Human Development, National Institutes of Health.

Paris, S. G. og Paris, A. H. (2001). Classroom applications of research on self-regulated learning. Í *Educational psychologist*, 36(2), 89–101. Sótt af sohs.pbs.uam.es/webjesus/motiv_ev_autorr/lects%20extraneras/autorregulacion.pdf.

Perfetti, C. A., Landi, N. og Oakhill, J. (2005). The acquisition of reading comprehension skill. Í M. Snowling og C. Humle (ritstjórar). *The science of reading: A handbook* (bls. 227–247). MA, USA: Blackwell Publishing.

Ujii, J. og Krashen, S. D. (1996). Comic book reading, reading enjoyment, and pleasure reading among middle class and Chapter I middle school students. Í *Reading Improvement*, 33, 51–54. Sótt af psdi.org/cms/lib4/WA01001055/centricity/domain/34/admin/comicbook.pdf.

Versaci, R. (2008). "Literacy Litaracy" and the Role of the Comic Book. Í N. Frei og D. Fisher (ritstjórar). *Teaching Visual Literacy using comic books, graphic novels, anime, cartoons, and more to develop comprehension and thinking skills*. (bls. 91–111). Thousand Oaks: Corwin Press.



Þrástef og þagnir í málgagni móðurmálskennara

Hér er rýnt í orðræðu um málfræðikennslu í *Skímu* út frá mismunandi kenningum um máltöku og móðurmálsnám. Greiningin leiðir í ljós að hefðbundnar áherslur um þjálfun og færni eru býsna fyrirferðarmiklar í tímaritinu en lítið er fjallað um hvort og þá hvernig félagslegur og menningarlegur bakgrunnur nemenda skiptir máli. Færð eru rök fyrir mikilvægi þess að taka markvissara mið af slíkum þáttum í umræðu um íslensku í skólastarfi.

1. Inngangur

Sumir lesendur muna kannski eftir *Sjónvarpi næstu viku* sem var á dagskrá RÚV fyrir þremur áratugum eða svo. Eins og nafn þáttarins ber með sér voru sýnd brot úr væntanlegu sjónvarpsefni, áhorfendum til upplýsingar og kynningar. Fljótlega eftir að bryddað var upp á þessum dagskrárlið var hugmyndin útfærð enn frekar í áramótaskaupi. Þar voru dagskrárprot *Sjónvarps næstu viku* látin vera úr næsta þætti *Sjónvarps næstu viku* þar sem einnig var sagt frá *Sjónvarpi næstu viku* og

þannig koll af kolli uns stjórnandi þáttarins bugaðist. Þessi grein er af svipuðum toga og fyrrnefndur sjónvarpsþáttur, þ.e.a.s. Skímugrein um Skímugreinar, en þó er því sleppt að fjalla um Skímugreinar sem fjalla um aðrar Skímugreinar.

Markmiðið með þessum skrifum er í fyrsta lagi að gefa hugmynd um það helsta sem skrifað hefur verið um málfræðikennslu í *Skímu* allt frá því að tímaritið hóf göngu sína árið 1978, í öðru lagi að greina megináherslur í umræðunni í ljósi mismunandi hugmynda um máltöku og móðurmálsnám og í þriðja lagi að vekja athygli á viðfangsefnum og vandamálum sem lítið hafa verið rædd á þessum vettvangi. Valdar voru 30 greinar sem fjalla beinlínis um málfræðikennslu og/eða almennt um hugmyndafræði móðurmálskennslu en ekki var gerð tilraun til þess að ná utan um öll Skímuskrif um efnið. Við úrvinnsluna var stuðst við aðferðir sögulegrar orðræðugreiningar þar sem leitað var að endurteknum þemum eða þrástefjum í orðræðunni. Skipulagið er á þá leið að í 2. kafla er sagt frá

er einungis stiklað á stóru, bæði í fræðilegri umfjöllun og gagnaúrvinnslu, en höfundur hefur áform um að gera efninu rækilegri skil síðar og þá í beinna samhengi við aðrar rannsóknir.

2. Bakgrunnur

Í fræðilegum skrifum um máltöku og læsi má greina margvísleg sjónarmið um vænlegar aðferðir og nálganir í kennslu (sjá umræðu hjá Gee 2004:10–11 og rit sem þar er vitnað til). Hefðarsinnar beina t.d. sjónum sínum að færni nemandans og leggja áherslu á þjálfun og beina kennslu. Þeir sem aðhyllast hugmyndir um „náttúrulegar leiðir til náms“ leggja hins vegar megináherslu á að þróa lestrarhæfni sem þátt í því að gæða ritaða texta merkingu (Cazden 1972, Goodman 1986). Samkvæmt hugmyndum sem ganga lengst í þessa átt er lestrarnám náttúrulegt ferli á svipaðan hátt og máltaka barna og bein kennsla því óþörf. Í augum málkunnáttufræðinga er máltaka barna eins náttúruleg og raun ber vitni vegna þess að hæfileikinn til máls er meðfæddur á svipaðan hátt og líffræðilegur hæfileiki kóngulóa til þess að spinna vef. Lestrarnám getur aftur á móti ekki verið náttúrulegt ferli í þessum skilningi vegna þess að ritad mál er einfaldlega of nýlegt fyrirbæri í þróun mannsins auk þess sem talmál fyrirfinnst í öllum manlegum samfélögum en ritmál ekki. Þetta sjónarmið felur í sér að bein lestrar- og ritmálskennsla er

Ásgrímur
Angantýsson
Lektor í
íslensku
málfræði
við Mennta-
vísindasvið
Háskóla Íslands
asgriman@
hi.is



óhjákvæmileg (sjá t.d. Melvold og Pesetzky 1995).

Bent hefur verið á að börnum gengur afar misjafnlega að ná tökum á ritmálinu eftir því úr hvers konar félagslegu og menningarlegu umhverfi þau koma (Gee 2004). Þetta gildir ekki síst um það að tileinka sér formlega málnotkun. Því hefur verið haldið fram að árangursríkt lestrarnám í þessum víða skilningi sé í raun menningarlegt lærdómsferli (e. cultural learning process) en ekki tæknilegt úrlausnarefni (Gee 2004). Börn eru samkvæmt þessu mjög misjafnlega langt komin í lærdómsferlinu þegar þau byrja í skóla og „heimanfylgjan“ því afar breytileg. Af svipuðum toga eru kenningar um tungumálið sem félagslegt og menningarlegt auðmagn (sjá Bourdieu 1977 og 2008). Samkvæmt þeim uppskera sumir málhafar virðingu og völd (e. symbolic capital) með því að tala einfaldlega á þann hátt sem þeim er tamt. Þeir sem ekki hafa fengið slíkan menningararf og eru að einhverju leyti meðvitaðir um það þurfa venjulega að hafa fyrir því að laga mál sitt að formlegum aðstæðum og verða oft fyrir vikið spenntir og óöryggir þegar þeir tjá sig (hinir hafa eðli málsins samkvæmt minni áhyggjur). Kenningar Gee og Bourdieu fela sem sagt í sér að sumir nemendur eru á heimavelli í málumhverfi skólans og fá sífella viðurkenningu fyrir það sem þeir koma með að heiman (eða úr öðrum áttum) en aðrir eru komnir í framandi umhverfi og upplifa minnimáttarkennd vegna þess að þeir kunna ekki leikreglurnar sem gilda á vettvangi skóla og menntunar (sjá einnig umræðu hjá Delpit 2001).

Út frá þessu er áhugavert að rýna í orðræðu um málfræðikennslu á vettvangi móðurmálskennara og velta fyrir sér spurningum á borð við (1–3):

- (1) Að hvaða marki má greina áherslur
 - (i) hefðarsinna,
 - (ii) þeirra sem aðhyllast náttúrulegar leiðir til náms og
 - (iii) málkunnáttufræðinga í skrifum um málfræðikennslu í *Skímu*?
- (2) Að hve miklu leyti tekur umræðan mið af málfélagslegum þáttum (óháð þrígreinungunni hér að ofan)?
- (3) Hvernig hefur umræðan þróast frá því að tímaritið hóf göngu sína?

Til grundvallar athuguninni liggja 30 greinar úr *Skímu* frá 1978 til 2012. Stuðst var við aðferðir sögulegrar orðræðugreiningar eins og þeim er lýst hjá Ingólfi Ásgeiri Jóhannessyni (2010) en þar koma m.a. eftirfarandi þrep við sögu:

- (4) Viðfangsefni og sjónarhorn valið.
- (5) Fundinn efniviður sem hentar vel til þess að varpa ljósi á viðfangsefnið.
- (6) Greining á gögnunum.
- (7) Leitað að mynstrum, andstæðum og átökum í orðræðunni.

Í þessu tilviki er viðfangsefnið málfræðikennsla út frá mismunandi hugmyndum um máltöku og móðurmálsnám (4) og efniviðurinn tiltekið safn greina í málagnimóðurmálskennara (5). *Skíma* er tiltölulega óformlegur umræðuvettvangur og þar eru skoðanir gjarna settar fram býsna hispurslaust. Þess vegna hentar efni úr tímaritinu vel til þess að greina



ÁSGRÍMUR ANGANTÝSSON

andstæður og átök. Lagt var upp með ákveðin þemu sem rannsakandinn bjóst við að finna, t.d. gagnsemi/gagnsleysi málfræðikennslu og samþættingu/sundurliðun námsþátta í íslensku, en sá listi breyttist og lengdist eftir því sem rýninni vatt fram (6–7). Útbúin var Excel-tafla þar sem þemunum var raðað upp lóðrétt og greinunum lárétt. Eftir lestur hvernar greinar var merkt við viðeigandi þema/þemu í töflunni. Þegar um var að ræða andstæður eins og gagnsemi/gagnsleysi var ekki gerður greinarmunur á því hvers konar viðhorf höfundar aðhylltust heldur eingöngu að sjónarmið af því tagi væru til umfjöllunar í viðkomandi grein. Loks voru tölurnar fyrir hvert þema lagðar saman.

3. Orðræðuþemu

Í töflunum hér á eftir má sjá hversu oft mismunandi þemu komu upp í greinunum sem skoðaðar voru

Tafla 1: Umræðuefni tengd markmiðum

<i>Þema</i>	Greinar (af 30)
Að verða betri málnotandi	14
Að þjálfast í beitingu máls	12
Að geta nýtt sér málfræði í tengslum við stíl og ritun	11
Að geta rætt um málið	9
Að verða meðvitaðri um eigin málkunnáttu	8
Að þekkja mismunandi málsnið	7
Að verða meðvitaðri um mismunandi málnotkun	7
Að öðlast þekkingu á málinu sem fyrirbæri	4
Að öðlast yfirsýn yfir málkerfið	2
Að átta sig á tengslum máls og samfélags	2

Tafla 2: Umræðuefni tengd viðfangsefnum og leiðum

<i>Þema</i>	Greinar (af 30)
Iðkun	10
Heildstæð móðurmálskennsla	10
Námsefni	10
Uppgötvunarnám	8
Leitarnám	7
Náttúrulegar leiðir	6
Boðandi málfræði / leiðréttingar	6
Tengslaleyfi þátta	6
Málfræði í tengslum við erlend mál	5
Kenna ekki íslensku eins og útlensku	3
Lýsandi málfræði	3
Verkaskipting eftir skólastigum	2
Bein kennsla	2

Tafla 3: Þemu sem tengjast viðhorfum til málfræðikennslu

<i>Þema</i>	Greinar (af 30)
Gagnsemi	12
Skilningur	8
Tilgangslaysi	7
Stagl	6
Skemmtigildi og vinsældir	5

Tafla 4: Þemu sem tengjast málfélagslegum þáttum

<i>Þema</i>	Greinar (af 30)
Félagslegir þættir og bakgrunnur nemenda	13
Málvillur, ambögur, sýki ...	8
Málótti og minnimáttarkennd, ofvöndun	7

(sjá yfirlit greina í ritaskrá). Eflaust má deila um talninguna en hún þjónar einungis því markmiði að gefa hugmynd um hvaða efni eru oftast á dagskrá.

Í TÖFLU 1 er þemum sem tengjast markmiðum málfræðikennslu (sbr. áherslur í námskrám) raðað eftir tíðni/umfangi:

Hér er hagnýting málfræðinnar og tengsl við málnotkun ofarlega á baugi eins og vænta mátti. Tiltölulega lítið virðist lagt upp úr þekkingu á mannlegu máli sem fyrirbæri eða félagslegum hliðum tungumáls.

Í TÖFLU 2 er yfirlit um þemu sem tengjast viðfangsefnum og leiðum í málfræðikennslu. Aftur er hagnýtt gildi málfræðinnar efst á blaði, þ.e. mikilvægi þess að málfræði sé iðkuð og sett í samhengi við þjálfun í málbeitingu. Einnig er töluvert rætt um námsefni, mismunandi kennsluáferðir/nálganir og tengsl (eða tengslaleyfi) námsþátta í íslensku. Skiptar skoðanir eru um áherslur varðandi rétt mál og rangt.

TAFLA 3 sýnir þemu sem tengjast viðhorfum til málfræðikennslu. Hér er gagnsemi/gagnslaysi málfræðinnar einnig áberandi og sömuleiðis mikilvægi þess að höfða til skilnings nemenda og forðast stagl. Skoðanir greinahöfunda um gagnsemi málfræðinnar eru býsna mismunandi en flestir telja mikilvægt að kenna þennan námsþátt.

Loks eru sýnd í TÖFLU 4 þemu sem tengjast málfélagslegum þáttum. Fljótt á titið virðist talsverð umræða um félagslegan bakgrunn nemenda en hér eru þó undir einum hatti tiltölulega sundurleitir þættir, s.s. getuskjorting, áhugahvöt og mismunandi forsendur til náms. Svólitið er rætt um boðandi málfræði (leiðbeiningar um rétt mál og rangt) út frá mismunandi stöðu nemenda og á einstaka stað er vikið sérstaklega að þætti heimilanna í

mótun málfars (t.d. hjá Indriða Gíslasyni 1985).

Helstu mynstur, andstæður og átök má draga saman á eftirfarandi hátt:

- (8) þjálfun, færni, iðkun, gagnsemi
- (9) gagn og ógagn
- (10) skilningur og stagl
- (11) samþætting og sundurliðun
- (12) hefðbundin kennsla og náttúrulegar leiðir
- (13) boðandi og lýsandi málfræði

Hagnýti þráðurinn er sem sagt mest áberandi í *Skímu* (8–10) en mörgum höfundum er einnig hugleikið að tengja saman námsþætti íslenskunnar og slíta málfræðina ekki úr samhengi við þjálfunarbætti á borð við textagreiningu og ritun (11). Þá er nokkuð fjallað um nýjungar í kennslu og mikilvægi þess að nálgast málið á hlutlægan og lýsandi hátt (12–13). Sjaldnast er talað beinlínis um að taka þurfi mið af mismunandi félags- og menningarlegum bakgrunni nemenda eða hvernig eigi að standa að slíku í kennslu. Að því leyti sem greina má sögulega þróun má segja að umræðan hafi framan af snúist mikið um gagn/gagnslaysi málfræðikennslu en síðar samþættingu námsþátta og heildstæða móðurmálskennslu.

4. Lokaorð

Eins og ráða má af þemagreiningunni hér að framan koma hugmyndir um tungumálið sem félagslegt og menningarlegt auðmagn fremur lítið við sögu í *Skímu*. Helsta undantekningin er grein Gísla Pálssonar frá 1981

þótt þar séu notuð svolitíð önnur greiningarhugtök (sjá einnig grein eftir sama höfund á öðrum vettvangi 1979). Ofuráhersla á þjálfun og færni felur í sér þá hættu að þessum mikilvæga þætti sé ekki gefinn nægjanlegur gaumur í íslenskukennslu. Ef tileinkun ritmáls snýst eingöngu um að ná tókum á tiltekinni færni (sem öll heilbrigð börn ættu að vera fullfær um) og tæknilegar aðferðir í kennslu hvernig stendur þá á því að tilteknir félagslegir hópar koma verst út á stöðluðum prófum? Hvernig er hægt að ætlast til þess að öll börn nái jafn auðveldlega tókum á ritmálinu á „náttúrulegan“ hátt ef þau eru misjafnlega læs (í viðum skilningi) þegar þau koma í skóla? Ef læsi er menningarlegt lærdómsferli og málfarslegt auðmagn nemenda mjög misjafnt frá upphafi, hvernig á skólinn að stuðla að því að allir verði vel læsir og nái tilhlyðilegum tókum á ritmálinu? Þessum spurningum verður ekki svarað hér en það er brýnt að velta þeim fyrir sér.

Skímugreinar

- Árni Pétursson. (1983). Um málfraeðikennslu í 7-9. deildum og framtíð hennar. *Skíma* 6(4), 19–21.
- Ásgrímur Angantýsson. (2003). Hvers konar setningafræði á að kenna í grunn- og framhaldsskólum? *Skíma* 26(1), 49–53.
- Baldur Sigurðsson. (1999). Stofnastagl. *Skíma* 22(1), 18–24.
- Eiríkur Páll Eiríksson. (1983). Tengsl málfraeði og málfraeðikennslu í grunn- og framhaldsskólum. *Skíma* 6(4), 10–15.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (1983). Þágufallssýkin og fallakerfi íslensku. *Skíma* 6(2), 3–6.
- Eygló Eyjólfssdóttir. (1983). Um þátt málfraeði í kennslu erlendra mála. *Skíma* 6(4), 31–33.
- Gísl Pálsson. (1981). Að hugsa um íslensku. *Skíma* 4(1), 3–10.
- Guðjón Ragnar Jónasson. (2007). Heildstæð móðurmálskennsla: hugtak eða kennsluáðferð. *Skíma* 30(1), 29–33.
- Hanna Óladóttir og Margrét Guðmundsdóttir. (2012). Málfraeðikennsla – uppgeövun í öndvegi. *Skíma* 35(2).

- Heimir Pálsson. (1983). Á að hætta að kenna málfraeði? *Skíma* 6(4), 5–9.
- Heimir Pálsson. (1993). Vandí móðurmálskennarans. *Skíma* 17(1), 38–43.
- Heimir Pálsson. (1998). Heildstæð móðurmálskennsla. *Skíma* 21(1), 20–30.
- Höskuldur Þráinsson. (1979). Málrannsóknir og móðurmálskennsla. *Skíma* 2(3), 3–9.
- Höskuldur Þráinsson. (1981). Mál og skóli. *Skíma* 4(2), 5–12.
- Höskuldur Þráinsson. (1983). Um orðflokka og fleira. *Skíma* 6(4), 25–30.
- Indriði Gíslason. (1983). Markmið móðurmálskennslu – skólamálfraeði. *Skíma* 6(4), 22–24.
- Indriði Gíslason. (1985). Íslenskt mál í grunnskóla. *Skíma* 8(1), 17–20.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1993). Hvernig er íslenska kennd á miðstigi grunnskóla? *Skíma* 16(1), 13–19.
- Jón Árni Friðjónsson. (1998). Um markmið móðurmálskennslu. *Skíma*, 21(2), 20–26.
- Kolbrún Sigurðardóttir. (1983). Um málfraeðikennslu í grunnskólum. *Skíma* 6(4), 16–18.
- Lilja Guðsteinsdóttir. 1997. Markviss lestrarkennsla. Heildstætt móðurmál. *Skíma* 20(1), 11–16.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. (1997). Áherslubreytingar í málfraeðikennslu. *Skíma* 20(2), 31–36.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. (2002). Hugleiðingar um málfraeðikennslu í grunnskólum. *Skíma* 25(2), 9–11.
- Sigurður Konráðsson. (2003). Hugtök í málfraeði á samræmdum grunnskólaprófum í íslensku í 10. bekk árin 1993–2002. *Skíma* 26(2), 44–49.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2005a). Náttúruleg leið til náms. Um „Whole Language“ og heildstæða móðurmálskennslu. *Skíma* 28(1), 14–19.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2005b). Náttúruleg leið til náms. Skref í átt að einstaklingsmiðaðri kennslu. *Skíma* 28(2), 15–23.
- Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. (1999). Heildstæð móðurmálskennsla. *Skíma* 22(1), 7–12.
- Þórdís Mósesdóttir. (1992). Tilgangur málfraeði í móðurmálskennslu. *Skíma* 15(1), 5–8.
- Þórunn Blöndal. (1995). Að læra málfraeði „innum nefið“. *Skíma* 18(2), 32–37.
- Örn Ólafsson. (1978). Hvað á (ekki) að kenna í málfraeði? *Skíma* 1(2), 11–14.

Önnur rit

- Bourdieu, Pierre. (1977). *Cultural Reproduction and Social Reproduction. Power and Ideology in Education* (ritstj. J. Karabel og A.H. Halsey). Oxford: Oxford University Press.

- Bourdieu, Pierre. (2008). *Language and Symbolic Power. The Discourse Reader*, (ritstj. Adam Jaworski og Nikolas Coupland), bls. 480–490. London og New York: Routledge.
- Cazden, C. B. (1972). *Child Language and Education*. New York: Holt, Rinehart, and Winston.
- Delpit, L.D. 2001. Curriculum, Pedagogy, and the Transmission of Knowledge. Í A.R. Sadovnik, P.W. Cookson Jr. og S.F. Semel (ritstj.), *Exploring Education. An Introduction to the Foundations of Education*. Needham Heights: Pearson Education.
- Gee, J. P. (2001). Educational Linguistics. Í Mark Aronoff og Janie Rees-Miller (ritstj.), *The Handbook of Linguistics*, bls. 647–663. London: Blackwell Publishing.
- Gee, J.P. (2004). *Situated Language and Learning: A Critique of Traditional Schooling*. London: Routledge.
- Gísl Pálsson (1979). Vont mál og vond málfraeði. Um málveirufraeði. *Skírnir* 153, 175–201.
- Goodman, K. (1986). *What's Whole in Whole Language?* Portsmouth, NH: Heinemann.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). The politics of historical discourse analysis: a qualitative research method? *Discourse: Studies in Cultural politics of Education* 31(2): 251–264.
- Melvold, J. og Pesetsky, D. (1995). Reading is not like speaking. *The Boston Globe*, 29. okt. (Learning Section).



Þjóðtunga eða ríkistunga?

Grein þessi er byggð á aðalfyrirlestri sem höfundur hélt á íslensk-færeysku ráðstefnunni Frændafundi í Þórshöfn í Færeyjum í ágúst 2013.

Kennsla á móðurmálinu í færeyskum skólum var fyrst reynd á upplýsingaröldinni en þá var pólitískur byr fyrir slíkum hugmyndum. Frá siðaskiptum (1540) hafði danska verið tungumál stjórnáskólunnar og kirkjunnar og þar með kristilegrar uppfræðslu barna. Það var þó ekki fyrr en með heimastjórnarlögunum 1948 að færeyska varð aðaltungumál skólanna og meiri tíma varði í að kenna móðurmálið en dönsku.

Segja má að þjóðernisvakning hafi orðið í Færeyjum þegar Færeyingafélagið var sett á stofn 1889 og hóf að gefa út eigið málagn. Félagið krafðist viðurkenningar á því að Færeyingar væru þjóð sem ætti sér eigið tungumál og eigin menningu. Átökin sem þá hófust um stöðu færeyskunnar sem kennslumáls og kennslugreinar í skólakerfinu standa enn.

Barátta Færeyingafélagsins fyrir því að koma færeysku inn í skólana leiddi til stofnunar Lýðháskólans (Føroya fólkaháskúla) árið 1899. Hann var fyrsti skólinn þar sem færeysk tunga, bókmenntir og menning voru á stundaskrá og þar gengu í skóla fyrstu rit höfundarnir sem skrifuðu bækur sínar á færeysku, m.a. Heðin Brú og Martin Joensen. Enn var þó beinlínis ólöglegt að kenna á færeysku í barnaskólum.

Árið 1907 komst færeyska í hóp námsgreina á stundaskrá Kennaraskólans með tvo tíma á viku og 1909 varð hún að valgrein í gagnfræðaskólanum. Það var þó aðallega að nafninu til því að flestir völdu

heldur sænsku. Nýjungin breytti heldur engu um það að eftir sem áður kváðu landslög skýrt á um það að danska skyldi töluð í skólum og að danska skyldi þar kennd sem móðurmál.

Lengi vel var ekki boðið upp á nám til stúdentsprófs í Færeyjum en árið 1926 var frumvarp um stofnun stúdentaskóla lagt fram á Lögþinginu, enda var bæði langt og dýrt að sækja námið til Danmerkur. Einnig sáu tillöguflytjendur fyrir sér að slík stofnun myndi styrkja grundvöll færeysks þjóðernis og efla vitund um það. Tillagan mætti harðri andstöðu sambandsinnna en tillöguflytjendur áttuðu sig á því að með því að kalla stofnunina ekki stúdentaskóla heldur latínuskóla mætti sneiða hjá deilunni um stöðu dönsku og færeysku í skólanum. Aðeins þannig var hægt að afla samþykkis fyrir því að stofna skóla þar sem gengið væri út frá því að færeyskt þjóðerni væri til. Það hafðist svo í gegn, þegar skólinn hóf starfsemi árið 1937, að koma færeysku á stundaskrá tvo tíma á viku. Danska fékk hins vegar fimm tíma. Helstu rökin fyrir því að leyfa færeyskukennslu voru álit norrænufræðinga um að færeyska væri sjálfstætt tungumál en ekki mállýska og að málið væri mikilvægur vitnisburður í öllum rannsóknum á norrænni málsögu.

Það var samt ekki fyrr en við gildistöku heima-stjórnarlaganna 1948, þar sem færeyska var lögfest sem aðaltungumál Færeyja, að kennslustundir í færeysku og dönsku urðu jafnmargar. Þrátt fyrir það var danska enn áberandi í skólum og allt faglegt eftirlit og námsmat fór enn fram á dönsku. Það fól í sér að öll próf, nema í námsgreininni færeysku, voru

Vár í Ólavsstovu Aðjúnkt í móðurmáls-kennslu-fræðum við Námsvísinda-deild Fróðskaparseturs Færeyja vario@setur.fo



NEMENDUR STÚDENTASKÓLANS AÐ STÖRFUM

lögð fyrir á dönsku allt fram til 1974 þegar tungu-
máladeilunni í Stúdentaskólanum lyktaði með því að
færeyska var gerð að próftökumáli frá og með 1976.
(Málspurningurinn í Hoydølum).

Stofnun háskóla í Færeyjum – Fróðskaparseturs
Føroya – var næst á dagskrá. Saga Setursins er sem
spegilmynd af stofnun Færeyngafélagsins í lok 19.
aldar sem skilaði þeim árangri að lýðháskóli var settur
á laggirnar. Nú var liðin rúm hálf öld og enn var
stofnað til félags. Það var akademískt félag sem hafði
það að markmiði að háskólastofnun tæki til starfa í
Færeyjum. Fyrsta verk þess var að hefja útgáfu vísinda-
tímarits og að safna færeyskum iðordum. Orða-
sófnunin var mikilvægur áfangi í færeyskri málrækt
og lagði grunninn að færeysku sem fagmáli. Byrjað
var að undirbúa framhaldsmenntun fyrir kennara
og árið 1964 skipulagði Christian Matras árslangt
námskeið í færeyskri tungu. Fróðskaparsetrið tók svo
til starfa 1965 og skipti stofnun þess sköpum um að
skapa grundvöll fyrir færeysku sem akademískt mál
og námsgrein á öllum skólastigum.

Gamaldags og íhaldssamt

Allt frá því færeyska vann sér þann sess í skólum, sem
svo lengi hafði verið stefnt að, hafa hefðbundnar fag-
áherslur verið ríkjandi. Í rannsókn minni á viðhorfum
nemenda í Stúdentaskólanum á tímabilinu 2002–2004
(Ólavsstovu, 2011) kom í ljós að þeir upplifa náms-
greinina sem gamaldags og íhaldssama og þeir kalla á
núttímavæðingu hennar. Um leið leggja þeir áherslu á
hve mikilvægt það er að verja færeyskuna, hún megi
ekki láta undan fyrir dönsku og ensku. Í handahófs-
valinni umsögn nemanda segir, þegar hann gerir
grein fyrir því hvers vegna hann meti færeysku hærra
en dönsku: „Mér finnst færeyska vera mikilvægur
hluti skólagöngunnar. Við erum bara 48.000 manns
og þess vegna verðum við að leggja hart að okkur að
varðveita tungumálið [...] Það ætti að gera meira af
því að fá nemendur til þess að tala betri færeysku. Allt
of mörg útlend orð eru notuð, líka í innbyrðis samtali
kennaranna, og þetta hindrar nemendur í að tala betri
færeysku.“ Önnur umsögn er á þessa leið: „Að kenna
okkur málið, að kenna okkur að verja það og að elska
það.“ Og enn ein umsögnin hljóðar svo: „Ef maður
notar færeysk orð og ekki of mikið af útlendum og
heldur því til streitu, þá batnar málfarið og smitast
þannig áfram til vina og kunningja.“

Málhreinunarhugmyndir á borð við þessar eru
mjög áberandi í úrtakinu. Dæmin endurspeglar mat
nemendanna á eigin kunnáttu í færeysku en á heildina
litið þykir þeim hún ekki fullnægjandi. Þeim þykir
færni sín í rituðu máli mega vera betri og finnst staf-
setning og málfar vera forgangsmál.

Þetta eru skýr skilaboð um að
nemendur telji námsefnið, sem
notað er við færeyskukennslu,
ekki vera í samræmi við daglegt
líf sitt og hugarheim. Þeir greina
bæði frá ástríðu sinni fyrir náms-
greininni og áhuga á henni en lýsa
henni jafnframt sem gamaldags,
leiðinlegri og úreltri. Ástríðan er
til marks um það að færeyska er
námsgrein sem höfðar til sam-
kenndar fólks, jafnt persónulega
sem á forsendum uppruna, sam-
félags og þjóðar.

Færeyskukennarar segja það
reynslu sína að námsgreinin auki
samkennd nemenda og snúist að
miklu leyti um menningarmiðlun. Því sé mikilvægt
að kveikja áhuga nemenda á greininni og virðingu
fyrir henni. Í hópi nemenda er það sjónarmið út-
breitt að meira mætti vera um samræðu og samskipti
í kennslunni.

Óttinn við að færeysk tunga deyi út er áberandi
meðal nemenda Stúdentaskólans. Þeir eru uggandi
um að tungumálið hverfi og það er mjög algengt að
nemendur séu andvígir því að tökuorð séu tekin upp
í færeysku. John E. Joseph, prófessor í málvísind-
um, segir það mjög útbreitt sjónarmið þegar tungu-
mál hefur verið undirskipað öðru máli sem mál-
höfunum þykir standa ógn af (Joseph, 2004:104). Í
svörum margra nemenda kemur fram að þeir líti á það
sem mikilvægt verkefni að vinna gegn dönskum og
amerískum áhrifum. Þetta er sjónarmið meirihlutans
en þó telja ýmsir að færeyska sé of lokuð fyrir nýjum
tökuorðum og að of miklum kröftum sé varið í að búa
til ný orð sem oft og tíðum verka ákaflega framandi í
eyrum málhafa. Óhætt er að segja að nemendur fari
ekki varhluta af því hve breið gjáin er á milli talmáls
og ritmáls.

Nemendum finnst færeyskunámið vera fast í hefð-
inni og þeir kalla á núttímavæðingu kennsluhátta og
námsfni. Eigi að síður upplifa þeir sig í tryggðum
við námsgreinina og tungumálið.

Nú er svo komið, bæði í formlegu og óformlegu
námi, að færeyska keppir í margvíslegum skilningi
og á ýmsum sviðum við ensku. Að mati ungs fólks er
engilsaxnesk menning, einkum bandarísk, áberandi
í skólaumhverfinu. Áhrifin af þessu endurspeglast í
minni áhuga og þekkingu á færeyskum bókmennt-
um, menningu og afþreyingu. Mjög algengt er að
nemendur hafi lélegan orðaforða og eigi erfitt með
fallbeygingar. Allir eiga nemendurnir það sammerkt
að upplifa Færeyjar og færeysku sem heimahöfn sem



VÁR Í ÓLAVSSTOVU



STÚDENTASKÓLINN Í HØYDÖLUM

er alltaf hægt að snúa aftur til ef hinn stóri heimur, og það sem framandi er, reynist of stór biti eða faglegar kröfur of miklar til að böndum verið komið á. En einnig kemur í ljós að þessi tryggðarbönd geta reynst hamlandi ef þau eru of sterk.

Í tíma og rúmi hrærist námsgreinin færeyska í spennusvæðinu á milli nútíma og hefðar. Alþjóðavæðing, sýndarveruleiki og ör tækniþróun eru staðreyndir sem litlu menningar- og málsvæði getur staðið ógn af. Öll lítil málsamfélög standa frammi fyrir slíkri prófraun í hinum alþjóðavædda, stafræna heimi. Þegar okkar kynslóð óx úr grasi lá beint við að spyrja kennarann og til hans sóttum við nemendur vitneskju okkar. En unga kynslóðin menntast ekki aðeins með skólalærdómi og þekkingartileinkun á heimilum. Þekkingaröflun hennar er afar fjölbreytt og fjölbætt. Að ýmsu leyti bliknar kunnátta kennarans í samburði við þennan margbrotna þekkingarheim unga fólksins. Það er vandasamt að virkja þessa upplýsingaöflun í skólanáminu. Ég hef orðið vör við það þegar ég kenni að oft þegar maður varpar fram spurningum til bekkjarins koma svör sem eru óhnitmiðuð og óvænt. Þetta stafar af því að þekkingin sem nemendurnir hafa aflað sér er afar óskipuleg. Þeir hafa ekki faglegar forsendur til að vega og meta upplýsingar sem þeir afla sér í hinum ýmsu gagnaveitum internetsins og skólakerfið hefur enn ekki fundið leið til að meðhöndla þær og gera ráð fyrir þeim í námskrá.

Af spjalli mínu við nemendur sýnist mér óhætt að slá því fram að það gerist æ algengara að ungmenni einbeiti sér að einhverjum tilteknum sérá hugamálum. Þessi tilhneiging stafar af því að börn fá snemma á lífsleiðinni aðgang að stafrænum miðlum og byrja að leita að því sem þau hafa áhuga á. Þessi þekkingaröflun er mikil prófraun fyrir færeyska tungu og keppinautur við færeyskunám í sjálfu sér. Reynslan hefur kennt

mér að greindir og áhugasamir nemendur vita lítið um færeyskar bókmenntir, og efni á færeysku yfirleitt, því að þeir lesa ekkert á færeysku og mál þeira er iðulega markað af því að utan skólans umgangast þeir næstum engin aðföng á færeysku. Margir þeirra eiga erfitt með að tjá sig. Orðaforði og setningaskipan hefur tekið miklum breytingum. Kyn og föll raskast, þolfall og þágufall eru að falla saman og allt vindur þetta upp á sig. Handahófsdæmi, sem ég heyrði hjá ungum pilti meðan hann sat og spilaði fótboltaleik á stafrænum miðli: „Mezzi er á liðið“ [sambærilegt á íslensku væri: „Mezzi er í liðið“], er einkennandi fyrir þróunina sem á sér stað meðal ungra málnotenda.

Í kennaranáminu er kastljósinu beint að kennslufræði einstakra námsgreina en við sem stöndum vörð um færeysku sjáum fyrir okkur að málið, bókmenntirnar og menningin séu á fallanda fæti ef þróunin leiðir til umdæmistaps málsins. Sem samskiptamiðill er færeyska í stöðugri samkeppni við menningar- og afþreyingarefni á ensku. Þess vegna þurfum við í sífellu að spyrja okkur hvað við getum gert til að nútímavæða færeysku um leið og við verðum að gæta þess að málið glati ekki stöðu sinni. Vonir standa til þess að rannsóknir á færeyskunámi og móðurmálskenndu eigi eftir að styrkja stöðu færeysku sem námsgreinar og færa henni í hendur verkfæri til að standast þrýsting sem jafnvel miklu fjölmennari málsamfélög en hið færeyska verða fyrir frá enskri tungu og enskri, en þó einkum og sér í lagi amerískri, menningu.

Heimildir

Joseph, John E (2004): *Language and Identity. National, Ethnic, Religious*. Palgrave Macmillan.

Málspurningurinn í Høydølum (1976). Keyppannahavn: Mentunargrunnur Hins Føroyska Studentafelagsins í Keyppannahavn.

Ólavstovu, Vár í (2011): *Mellem tradition og modernitet*. Syddansk Universitet.

Þetta litla, *sérvisku-* *lega*, dásamlega og kröftuga mál

Orðbragðsbókin er eigulegur og vandaður prentgripur og í svipuðum anda og sjónvarpsþættirnir: Litskrúðug, fjölbreytt og skemmtileg og íslenskan er þar skoðuð frá öllum mögulegum og ómögulegum sjónarhornum. Bókin skiptist í sex aðalhluta sem eru „Lifandi mál“, „Heimurinn“, „Hið bókstaflega“, „Leikir og skemmtun“, „Daglegt mál“ og „Framtíðin“. Innan hvers og eins kafla er fjallað með líflegum hætti um hin fjölbreyttustu atriði sem tengjast tungumáli. Þarna er til að mynda að finna greinar um málótta, horfin tungumál, líkamsparta, galdraorð og vangaveltur um það hvernig íslenskan verður eftir 100 ár.


Það virðist ef til vill heldur mikill metnaður að ráðast í það að gera svo mörgum hliðum íslenskunnar skil í tæplega 200 blaðsíðna bók en markmið bókarinnar er ekki að gefa tæmandi yfirlit yfir allt það sem viðkemur tungumálinu. Miklu fremur fá lesendur nasa-sjón af hinu og þessu; fræðast um hversu áhugavert tungumálið er og er bókin því upp-lögð sem inngangur að frekari rannsóknum á málinu.

Alveg eins og í sjónvarpsþáttunum er mikið lagt upp úr útliti bókarinnar, mynd-

skreytingum og grafík. Þemalítir hennar eru blár og appelsínugulur í ýmsum tónum og eru rammagreinar, fyrirsagnir og myndatextar í þessum lit. Fjöldi ljósmynda skreytir síðurnar og teikningar sem ýmist hafa verið sérstaklega gerðar fyrir bókina og fengnar annars staðar frá. Útlitið lífgar óneitanlega upp á umfjöllunarefnið, hvort sem um er að ræða ljósmyndir af Michael Jackson og Bruce Willis, úrklippur úr dagblöðunum, gamlar auglýsingar frá sólbaðstofum, ljósmyndir af gömlum handritum eða fallegar teikningar, til að mynda af banana eða fil.

Bókin á erindi við alla og hæfir, eins og klisjan segir, fólki á öllum aldri. Þetta er tilvalin bók til að geyma á eldhúsborðinu eða stofuborðinu, hvar sem fólk getur gripið í hana og skoðað. Bókina þarf alls ekki að lesa samviskusamlega frá upphafi til enda heldur er hægt að byrja hvar sem er og hætta hvenær sem er. Í notkunarleiðbeiningunum

er meira að segja tekið fram að úr bókinni mætti gera fyrirtaks lasagna en tekið er fram að sé það gert neyðist maður væntanlega til að útvega sér annað eintak.



Brynja Þorgeirsdóttir og
Bragi Valdimar Skúlason.
Forlagið 2014.

EKKI AÐ VERA

Haustið 2013 fór Orðbragð í loftið á RÚV undir stjórn þeirra Brynju Þorgeirsdóttur og Braga Valdimars Skúlasonar. Nú er einni þáttaröð lokið, sú næsta hafin í sjónvarpi allra landsmanna og bók byggð á þáttunum verður ugglaust ein af helstu jólabókunum í ár. Þátturinn hefur hlotið mikið lof skólafólks en íslenskukennarar hafa mikið notað þættina í kennslu. Þá hafa stjórnendur þáttarins hlotið viðurkenningu frá Samtökum móðurmálskennara sem segja að í þáttunum takist þeim að nálgast „íslenska tungu á skapandi hátt og sýna okkur fram á að enn er mikið lífsmagn í tungumálinu“.

Meðvitað fræðslustefna eða hrein skemmtun?

Augljóst er að markmið þáttanna er að skemmta sjónvarpsáhorfendum og fræða en ætli þættirnir hafi verið búnir til með skólaborn og möguleg tengsl við skólakerfið í huga? Brynja segir svo ekki vera.

„Nei, við tókum í raun meðvitaða ákvörðun um að gera það alls ekki vegna þess að við vildum framleiða skemmtiefni og losa íslenskuna við þessa fræðslukenndu, flöskukenndu og rykföllnu ímynd eða áru – sem hún að ósekju hefur og einkennist af ósanngjörnum fordómum. Við settum sem sagt skemmtunina í fyrsta sæti en auðvitað leynist einhvers konar dulbúin fræðsla í þáttunum.“ „Þetta er svona leynifræðsla,“ segir Bragi og bætir við að þau búi svo vel að geta fjallað um það sem hentar hverju sinni. Þau þurfi ekki að fjalla um atviksorð eða setningafræði ef þau hafa ekki áhuga á því. „Þetta er auðvitað nokkuð sem kennarar geta ekki leyft sér,“ bendir Brynja á. „Kennarar þurfa að fylgja námskrá en við getum valið úr – sem er miklu auðveldara en að kenna.“ „Það er auðvitað gott ef þættirnir hjálpa til við kennslu,“ segir Bragi, „en þetta var ekki hugsað þannig – frekar sem eitthvað til að kveikja upp í liðinu og vekja áhuga.“

En þótt Orðbragð hafi – sem betur fer – ekki verið hugsað sem kennsluefni væri forvitnilegt að vita hvort þið hafið frétt af því hvort og hvernig kennarar hafa nýtt sér þættina?

„Við fréttum stöðugt af slíku,“ segir Bragi, „en það fór svo að Námsgagnastofnun keypti alla seríuna þannig að það var á hreinu að þættirnir myndu eitthvað vera notaðir. Við leitum þess frekar snemma til Námsgagnastofnunar en stofnunin hefur ekkert skipt sér af innihaldinu og við höfum ekki verið beðin um að skrifa kennsluleiðbeiningar eða nokkuð slíkt.“

Nú má hins vegar spyrja hvort þessi tenging við Námsgagnastofnun og upplýsingar um að kennarar og skólar hafi nýtt sér þættina hafi haft áhrif á gerð annarrar þáttaraðar af Orðbragði.

Brynja segir þau hafa farið með nákvæmlega sama hugarfar inn í fyrstu og aðra seríu Orðbragðs og Bragi segir þetta vera „meira af því sama“. „Við áttum svo mikið af efni,“ segir hann, „sem við gátum notað. Ýmislegt sem við sýnum í nýju seríunni vorum við byrjuð að þróa og vinna að á fyrstu skrefum þáttagerðarinnar.“



SKÍMA SPJALLAR

VIÐ BRAGA

VALDIMAR

SKÚLASON

OG BRYNJU

ÞORGEIRSDÓTTUR,

UMSJÓNARMENN

SJÓNVARPS-

ÞÁTTARINS

ORÐBRAGÐS

FEIMIN AÐ

TJÁ OKKUR

Almenn ánægja og sterkar skoðanir

Enginn er hlutlaus þegar kemur að afstöðu til móðurmálsins og okkur lék forvitni á að vita hvort Brynja og Bragi hefðu verið sökuð um að vera gamaldags málfarsfasistar eða nýjungagjarnir reiðareksmenn.

„Ég held að flestir hafi einfaldlega verið mjög ánægðir að einhver skyldi fjalla um tungumálið,“ segir Bragi. „Fólk virðist vera ánægt að það skuli vera vakið til umhugsunar um tungumálið. Það má segja að það ríki almenn ánægja með þættina þótt fólk sé auðvitað misánægt með efnistökin.“ Brynja er þessu sammála: „Jákvæðnin í kringum þættina hefur verið ótrúleg og það dembist yfir mig póstur, bæði tölvupóstur og handskrifuð bréf. Fólk hrósar þáttunum og bendir okkur oft á orð og hugmyndir sem gaman væri að þróa og móta. Jákvæðnin kemur mér sífellt á óvart og það má geta þess að við gerð beggja sería hefur enginn, sem við höfum beðið um að koma fram í þáttunum, sagt nei! Og þá erum við að tala um tæplega 100 manns í fyrri seríunni. Þetta er ofsalega góður árangur.“

Bragi segir augljóst að allir hafi „sterkar skoðanir á tungumálinu. Það er enginn hlutlaus því að allir nota tungumálið. Sumir eru þó orðnir skít-hræddir að tjá sig og eru því fegnir að sjá eitt-hvað skemmtilegt um tungumálið og í kringum það. Við eigum ekki að vera feimin að tjá okkur.“ „Tungumálið er skemmtilegt tæki sem er inngróid í okkur,“ bætir Brynja við, „í hverri einustu frumu, innan í okkur og utan og alls staðar þar á milli. Íslenskan er svo áhugaverð því við notum hana allan daginn og okkur dreymir meira að segja á íslensku. Allt líf okkar er undir áhrifum frá tungumálinu. Þess vegna má tungumálið ekki setja okkur þær skorður að við þorum ekki að tjá okkur og ætli það megi ekki kalla okkur reiðareksfólk af því við erum sammála um þetta.“ Bragi kinkar hér kolli en bætir því við að ef til vill sé réttara að kalla þau íhaldssamt reiðareksfólk.

Að leika sér með formið og framsetninguna

Skemmtileg framsetning, grafík og litir setja mark sitt á Orðbragð ásamt því sem þættirnir eru jákvæðir, uppfullir af húmor og hver sena yfirleitt frekar stutt. Það er sannarlega hrist upp í hinna rykföllnu ímynd íslenskunnar og höfðað til ungu kynslóðarinnar sem er vön hraða, litum og hröðum skiptingum. Setti þetta form þáttastjórnendum skorðu eða bætti það nýjum víddum og möguleikum í framsetningu skemmtiefnis um tungumálið?

Brynja segir þáttinn frá upphafi hafa verið hugsaðan sem hraðan og skemmtilegan. „Það eru svona tvö löng innslög í hverjum þætti og hvort um sig er frá fimm mínútum að lengd og upp í sjö mínútur. Yfirleitt talar þó enginn lengur en í eina til eina og hálfu mínútu en þá er innslagið brotið upp, til dæmis með leiknum brandara eða öðru. Þetta er með ráðum gert til að halda athygli áhorfenda. Hið sama er að segja um hið hraða tempó þáttanna; þessu eru krakkarnir vanir og við reynum að stíla inn á þann myndheim sem unga fólkið hefur alist upp við og vanist.“

Þáttastjórnendur sátu eitt sinn fyrir svörum hjá kennaranemum sem veltu því fyrir sér hvernig þau færu að því að gera íslenskuna svona heillandi en



Brynja bendir á að ósanngjarnt sé að bera saman margra milljóna króna sjónvarpsþátt og kennslu. „Við höfum val um að fjalla bara um það sem er skemmtilegt. Auk þess höfum við myndræna framsetningu efnis sem tekur marga mánuði að vinna og þróa. Venjulegur kennari í grunnskóla getur ekki keppt við þetta.“

Grafík og leikmyndin hafa þá væntanlega skipt mjög miklu máli við gerð þáttanna?

„Já,“ segir Brynja og bætir því við að það hafi verið mikil áskorun að búa til sjónvarpsþátt um tungumálið vegna þess að það er einfaldlega ekki hægt að mynda sjálft tungumálið. „Þetta er ekki eins og þegar maður gerir þátt um tónlist þar sem hægt er að mynda tónlistarmenningu og fylgjast með einhverri atburðarás. Tungumálið er huglægt og það er mikil áskorun að setja það fram í myndum. Vegna þessa er handritið mjög nákvæmt og mikið lagt upp úr leikmyndinni, grafík og leiknum atriðum.“ Bragi segir þau hafa þurft að fá aukafjárveitingu fyrir grafíkinni í þáttunum og það hafi þurft að berjast fyrir henni. „Það er ekkert sjálfgefið að fá grafíker sem eyðir fleiri vikum í að hanna grafík fyrir svona sjónvarpsþátt.“

Fimm ára börn og Færeyingar við skjáinn

Ykkur virðist með þessum hætti bæði hafa tekist að skemmta og kveikja þörf áhorfenda fyrir að fræðast meira, en um leið náð að halda athygli áhorfenda.

„Já,“ segir Brynja. „Það hefur tekist þótt hugmyndin hafi aldrei verið að kenna á neinn hátt. Við pössum okkur að tónninn í öllu sem við gerum sé ekki á þeim nótum – enginn predikunar- eða kennslutónn heldur tölum við til áhorfenda á jafningjagrundvelli. Segja má að við förum í ferðalag með áhorfendum um lendur íslenskunnar og könnum þær saman.“

Bragi ítrekar að Orðbragð sé fyrst og fremst skemmtiþáttur; það eigi að vera gaman. „Við förum alls ekki mjög djúpt í hvert viðfangsefni. Við reynum að kveikja áhuga áhorfenda og vonandi stuðlar það að því að fólk leiti sér sjálft upplýsinga og kafi dýpra. Og það hefur verið ótrúlega gaman – og komið á óvart – að sjá og heyra í krökkum sem horfa á þættina.“

Tilgangurinn með þáttunum var ekki síst að höfða til þeirra og það virðist hafa tekist.“ „Það kom einmitt mjög á óvart að heyra að fimm og sex ára krakkar skuli límast yfir þættinum,“ segir Brynja. „Við höfðum ekki gert okkur vonir um að ná til svo ungra áhorfenda.“

Og núna er þetta ferðalag um lendur íslenskunnar komið til Færeyja. Orðbragð er til sýnis í færeyska sjónvarpinu!

„Já,“ Brynja hristir höfuðið og segið að lokum: „Aldrei datt mér í hug – lét mig ekki einu sinni dreyma um það í mínum villtustu draumum – að þættirnir ættu eftir að verða sýndir í Færeyjum. Að þáttur á íslensku um íslenskt mál yrði útflutningsvara!“



Orðaleikir sem „VIRKA“ í sjónvarpi

Orðbragð er fjórða þáttaröðin sem telja má til íslenskra málfarsþátta og sýnd er á RÚV. Skemmtiþættir á borð við Orðbragð voru mjög vinsælir á hinum Norðurlöndunum rétt eftir síðustu aldamót og hér verða skoðaðar fyrirmyndir Orðbragðs sem gerðar voru í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Fyrst er þó rétt að líta á hinar þrjár þáttaraðirnar sem RÚV sýndi um íslenskt mál.

Íslenskubættirnir „hinir fornu“

Útvarpsþættir um íslenskt mál hafa löngum verið vinsælir í íslensku útvarpi og má þar nefna *Íslenskt mál*, *Orð skulu standa* og hina afbragðsgóðu þætti *Orð af orði* sem fluttir eru á sunnudögum á Rás 1. Sjónvarpsmiðillinn hefur einnig verið nýttur í umfjöllun um íslenskt mál en þeir sjónvarpsþættir náðu þó aldrei með tærnar þar sem útvarpsþættirnir höfðu hælana. Þetta eru þáttaraðirnar *Myndhverf orðtök* (*Íslenskt mál*) frá 1979–1980, *Móðurmálið – Framburður* frá 1985 og *Málið og meðferð þess* frá 1988. Einnig má bæta því við að innslög voru gerð fyrir barnaþáttinn *Stundina okkar* árin 1989–1990 sem nefndust *Málið okkar* og mætti fella undir sama hatt þó að markhópurinn hafi einungis verið yngstu sjónvarpsáhorfend-

urnir. Af upptalningunni sést að þættirnir voru allir framleiddir um níunda áratug síðustu aldar. Engir þættir virðast hafa verið gerðir fyrir þann tíma og frá 1990 hefur engin gróska verið í dagskrárgerð af þessu tagi fyrir sjónvarp, ekki fyrr en Orðbragð kom fram á sjónarsviðið.

Sjá má að engin sérstök líkindi eru með þáttaröðunum innbyrðis, önnur en að uppfærða áhorfendur um íslenska tungu. Í fyrstu þáttaröðinni, *Myndhverfum orðtökum*, sem Helgi J. Halldórsson sá um, var stuðst við orðtakasafn Halldórs Halldórssonar frá 1968. Reynt var að útskýra uppruna orðtaka sem þekkt eru í málinu og oftast en ekki tengd atvinnuháttum eða iðngreinum. Markmið þáttanna var að koma áhorfendum í skilning um hvað lægi að baki rótgrónum orðtökum og t.d. útskýra uppruna orða sem voru í stirðnaðri mynd í slíkum orðtökum, s.s. ‘mikið í húfi’ þar sem húfur merkir ‘síða eða bógur báts’. Í næstu þáttaröð, *Móðurmálið – Framburður*, var farið yfir myndun og framburð einstakra mállhljóða.

Umsjónarmaður, Árni Böðvarsson málfarsráðunautur, fór yfir skyld hljóð

í hverjum þætti í nokkuð tæmandi umfjöllun. Honum til aðstoðar í þáttunum var Margrét Pálsdóttir, menntaður framburðarkennari, sem kenndi þá hljóðmótun í Leiklistarskóla Íslands. Þriðja þáttaröðin, *Málið og meðferð þess*, var hluti af dagskrá Fræðsluvarpsins sem var fjarkennslunámskeið með hjálp sjónvarpstækninnar. Meginmarkmið þáttanna var að þjálf áhorfendur í málnotkun, þjálf þá t.d. í ritun, munnlegum frásögnum og þýðingum.

Umhverfið, sem þessir fyrstu íslensku málfarsþættir í sjónvarpi voru framleiddir í, var allt öðruvísi en það sem við þekkjum í dag. Búnaður og hugmyndir,



EYRÚN ELLY VALSDÓTTIR

Eyrún Elly Valsdóttir
Íslenskufræðingur,
MA í blaða- og fréttamennsku
eyrun.vals@gmail.com



umsjón og dagskrágerð var í höndum íhaldssamrar kynslóðar í viðhorfum til íslensks máls sem og í mótun dagskrárefnis. Fljótt á litið má sjá að í þáttunum gætir þungs og alvarlegs yfirbragðs og jafnvel prédikunar í ætt við hreintungustefnu.

Sjónvarpsþættirnir voru því ekki sérstaklega skemmtilegir á mælikvarða skemmtiþátta í dag. Eftir þessa tilraunakenndu framleiðslu á níunda áratugnum og með tilkomu fleiri sjónvarpsstöðva – og þar með meira úrvals sjónvarpsefnis en áður hafði verið – datt botninn úr sjónvarpsframleiðslu sem miðaði að íslensku máli.

Kröfur samfélagsins um afþreyingu sem og almenna fræðsluþætti sem vekja áhuga og spurningar samræmdust ekki þessu dagskrárefni sem virtist afar takmarkað í hugsun og framkvæmd.

Ímynd íslenskunnar

En voru málfarsþáttaraðirnar skemmtiþættir þess tíma? Er ekki hægt að kalla fræðandi kennsluþátt skemmtiþátt? Eflaust telja sumir að svo sé og vinsældir þáttanna voru miklar á þann mælikvarða sem hægt er að nota á tímabilið þegar RÚV var eini sjónvarpsmiðillinn. Augljóst er að markhópur áðurnefndra málfarsþátta um íslensku, að undanskildu barnaefninu, eru þeir fullorðnir einstaklingar sem áhuga höfðu og einnig nokkra þekkingu á íslensku máli en vildu fræðast enn frekar.

Hafa ber í huga að fyrr og nú hefur móðurmálið skipað háa og stundum trúarlega stöðu í hjörtum landsmanna þar sem það tvinnast saman við þjóðernisstoltið. Hlutverk RÚV að gera íslenskri tungu skil, sem alla tíð hefur verið

alvarlegt baráttumál fyrir frelsi og jafnréttisgrundvelli Íslands á alþjóðavísu, hefur verið tekið alvarlega og í versta falli hefði verið hægt að misskilja skemmtiþætti um íslenska tungu sem léttúðuga skopstælingu á sjálfstæðisbaráttunni – í það minnsta í hugum einhverra þeirra sem komu að gerð hinna eldri málfarsþátta. En ef til vill eru þessi beinu tengsl móðurmáls og sjálfstæðis orðum aukin. Með ungu kynslóðunum sem þekkja ekkert annað en sjálfstæði þjóðarinnar hefur tungumálið svo sannarlega verið afhelgað hvað þetta varðar, með öllum samfélagsmiðlunum, kommentakerfunum o.fl.

Nýir straumar frá Norðurlöndum

Um aldamótin síðustu komu fram á sjónarsviðið hjá frændþjóðum okkar hressilegir skemmtiþættir sem fjölluðu um tungumálið á fjölbreyttan máta. Þeir voru fræðandi, fjörugir og fyndnir og nutu óhemju vinsælda hver á sínu málsvæði. Þar voru málfarsatriði tvinnuð við tónlist, viðtöl og myndefni á skemmtilegan og líflegan máta. Stjórnendur þáttanna tóku sig sjaldnast alvarlega (þekktir fyrir grín og/eða uppistand) og þar af leiðandi varð umfjöllunin oftast en ekki skopleg. Úr varð oft prýðilegur þáttur sem öll fjölskyldan gat sameinast um að horfa á.

Lítum þá á þessa skemmtiþætti um tungumál sem eru forverar Orðbragðs.

Svíþjóð

Veturinn 2002–2003 sýndi SVT þáttaröðina *Värsta språket*. Umsjónarmaður var þekktur sjónvarpsmaður og rithöfundur, Fredrik Lindström, en hann hefur haft umsjón með



fleiri þáttum af sama toga og t.d. kynnt í undankeppninni fyrir Eurovision. Þar kynnti hann á ólíkum mállýskum fyrir hvern hluta landsins. Þáttaröðin fjallaði á hressilegan máta um sænskt mál og málnotkun. Margt af því sem þar kom fram var fengið úr bókum Lindströms *Världens dārligaste språk* (2000) og *Jordens smartaste ord* (2002).

Í þáttunum voru meðal annars skoðaðar ólíkar mállýskur sænsku, nýyrði og slangur og rætt við fólk sem gerði mikið af því að leiðrétta málfar annarra, svokallaða „språkpolisen“, en oft endaði spjallið með því að umsjónarmaðurinn leiðrétta það sjálft.

Í kjölfar þáttaraðarinnar var ráðist í gerð þátta um hinar mörgu ólíku mállýskur í sænsku, *Svenska dialektmysterier*, og var hún sýnd á SVT veturinn 2006. Enn var Fredrik Lindström umsjónarmaður og þættirnir nutu mikilla vinsælda, hlutu m.a. Kristallen-verðlaunin árið 2006 í flokknum Infotainment. Í þáttunum er málið skoðað út frá félagslegri og landfræðilegri sögu Svíþjóðar.

Yfirlýst markmið er því ekki bara að festa á filmu allar mállýskur sem fyrirfinnast heldur einnig að komast að því hvernig og hvers vegna þær eru tilkomnar. Meðal annars var reynt að varpa ljósi á persónueiginleika fólks eftir því hvar það býr í Svíþjóð og hvaða mállýska er töluð þar.

Noregur

Í kjölfar vinsældanna í Svíþjóð fylgdi NRK fordæmi kollega sinna og framleiddi þættina *Typisk norsk*. Framleiddar voru þrjár þáttaraðir, árin 2004, 2005 og 2006. Þátturinn var blanda af fréttatengdu efni og svokölluðum magasínþætti um tungumál og samskipti fólks. Rætt var við áhugafólk um



tungumál og fræðimenn og snert á ýmsum vandamálum varðandi norsku. Meðal þess sem fram kemur í þáttunum er nýr bókstafur sem umsjónarmaður þáttanna, Petter Schjerven, setti fram og kallaði *kjell* en stafurinn átti að koma í veg fyrir að hljóðið /kj/ hyrfi úr málinu með samruna við /sj/. Þættirnir unnu til Gullrut-verðlaunanna 2005 fyrir besta menningar-eða magasínþáttinn. Umfram allt var þátturinn skemmtiefni á léttum nótum og reynt var að kafa niður í norsku þjóðarsálina samhliða málfarsumfjöllun. Í samnefndri bók, sem kom út árið 2005 og byggð var á efni þáttanna, er eins konar stefnyfirlýsing frá höfundunum þar sem fram kemur að reynt sé að breyta viðhorfinu til skopskyns og tungumálsins og þar segir að þetta sé „bókin sem á að koma norsku úr kennslustofunni og þangað sem hún á heima: í notkun (Schjerven o.fl. 2005).

Vera má að þarna hafi höfundur hitt naglann á höfuðið hvað varðar vandamálið með miðlun í málfarsþáttum: það vantaði hreinlega léttleikann!



PETTER SCHJERVEN, UMSJÓNARMAÐUR *TYPISK NORSK*

Allt var stíft, í föstum skorðum og vakti takmarkaða lukku.

Finnland

Finum leist einnig vel á uppskrift Svía að *Värsta språket* og gerðu sína útgáfu af þættinum í þáttaröðinni *Näytetään kieltä* (2005). Titillinn er tvíræður og þýðir annars vegar ‘að reka út



úr sér tunguna’ og hins vegar ‘að sýna hvernig tungumálið er’. Þátturinn var svipaður hinum norska, magasínþáttur með ólíkum innslögum: viðtölum, eintölum o.s.frv. Í honum var einblínt á eiginleika tungumálsins og fjölskrúðug blæbrigði þess með því að skoða slangur, orðatiltæki, mállýskur og almenna málnotkun fólks. Samkvæmt hinni sænsku forskrift átti finnski þátturinn líka að vera fyndinn og skemmtilegur.

Fyrir sænskumælandi Finna hafa einnig verið framleiddir málfarsþættir. Nefna má tvær

þáttaraðir þar sem einblínt er á staðarnöfn og landfræðileg heiti, *1000 km ortnamn* og *De trettio byarnas stad* (1999–2004).

Lykillinn að farsælli framleiðslu þátta á borð við Orðbragð hlýtur þó að felast í því að gera sér fulla grein fyrir því að íslensk tunga er sameign íslensku þjóðarinnar og Íslendingar vilja sjálfir fá að taka þátt í mótun málsins.

Niðurlag

Þróunina frá hinum fyrrnefndu eldri íslensku sjónvarpsþáttum um íslenskt mál og til Orðbragðs má rekja til áður nefndra norrænna áhrifa. Lykillinn að farsælli framleiðslu þátta á borð við Orðbragð hlýtur þó að felast í því að gera sér fulla grein fyrir því að íslensk tunga er sameign íslensku þjóðarinnar og Íslendingar vilja sjálfir fá að taka þátt í mótun málsins. Endanlegur „sannleikur“ um íslenskt mál í málfarsþætti kæmi því tæpast til greina og því síður þau rök að það sem gamalt er í málinu sé réttara og betra mál en annað. Síðast en ekki síst verður að nýta margmiðlun tækninnar til fullnustu til að útfæra umfjöllunarefnið á þann hátt að það „virki“ í sjónvarpi.

Verkefna miðað nám og leiðsagnarmat

Verkefna miðað nám og leiðsagnarmat

Í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ er námið verkefna miðað og stuðst er við leiðsagnarmat. Í verkefna miðunni námi vinna nemendur jafnt og þétt að ákveðnum verkefnum sem gilda til námsmats og því eru ekki lögð fyrir stór lokapróf. Leiðsagnarmatið helst í hendur við verkefna miðað nám. Kennarinn útbýr verkefni með það í huga að ná fram þeim hæfnipáttum sem koma fram í hæfniviðmiðum viðkomandi greinar. Sum verkefni eru um leið eyrnamerkt ákveðnum grunnþætti og tekur þá námsmat einnig mið af því hvernig nemendum hefur tekist að koma til skila þeim áherslum sem tengjast viðkomandi grunnþætti.

Gott samband meðan á verkefnavinnu stendur

Verkefnavinnan fer þannig fram að kennarinn byrjar á því að kynna ný verkefni og að auki eru leiðbeinandi skjöl og/eða glærur á námsnetinu sem nemendur nýta sér við verkefnavinnuna. Hlutverk kennarans er að fylgjast með verkefnavinnunni og vera nemendum innan handar með því að gefa þeim munnlega endurgjöf meðan á henni stendur. Kostir verkefna miðaðs náms og leiðsagnarmatsins eru því það samband sem er á milli kennara og nemenda í kennslustofunni; kennarinn er jafnan í góðu sambandi við nemendur á meðan þeir vinna verkefni sín og

Vorið 2013 fékk ég styrk frá Sprotasjóði til þess að semja verkefni út frá áherslum nýrrar aðalnámskrár. Markmið þess var að semja verkefni til að nota í íslenskukennslu á framhaldsskólastigi út frá völdum sviðum lykilhæfninnar og hanna og þróa námsmat verkefnanna út frá hæfniviðmiðum íslenskunnar eins og þau eru fram sett í námskránni. Eitt af skilyrðum Sprotasjóðs var að verkefni væru aðgengileg, þ.e. birt með einum eða öðrum hætti. Ég valdi að útbúa mína eigin heimasíðu og setja verkefni þar inn. Nálgast má þessi verkefni á: ylhyramalid.is.

leiðbeinir þeim áfram. Verkefnavinnan getur verið með ýmsu móti; ýmis tímaverkefni sem undirbúa nemendur fyrir eiginleg skilaverkefni sem gilda til námsmats, vinna í tímum við skilaverkefni, umræðuverkefni í hópum um ákveðið efni þar sem nemendur byrja á að ræða efnið innan hópsins en síðan almennar umræður um efnið auk ýmiss konar vinnu sem tengist námsefninu.

Mat lagt á vinnu nemenda

Leiðsagnarmatið felst einnig í því að veita nemendum endurgjöf vegna verkefna sem þeir skila í gegnum námsnetið. Þannig hefur hvert og eitt verkefni ákveðið vægi

í heildarnámsmati áfangans. Markmið leiðsagnarmatsins er að hafa umsögnina hnitmiðaða og benda á hvað vel er gert og hvað megi bæta. Liður í því að notast við leiðsagnarmat er að fá nemendur til að skoða vel umsagnir við verkefni sín og nýta sér þann lærdóm sem draga má af þeim í næstu verkefnum eða í endurskilum þegar þau eru í boði.

Matskvarðar geta verið hentugir við endurgjöf á stuttum verkefnum. Nemendur fá þá að sjá matskvarðann um leið og verkefnið er kynnt og vita því forsendur matsins. Oftast gef ég einnig stutta skriflega umsögn um valda þætti verkefnisins þegar ég nýti mér matskvarðana.

Kostir verkefna miðaðs náms og leiðsagnarmatsins eru því það samband sem er á milli kennara og nemenda í kennslustofunni.

Sverrir Árnason
Kennari við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ
sverrir@fmos.is

Meiri vinna liggur að baki mati á stærri verkefnum þar sem nemendur fá athugasemdir á spássíu (track changes) auk umsagna. Undanfarið hef ég, auk umsagna og athugasemda, einnig haft matskvarða með stærri verkefnum. Þegar nemandi fer inn á skilahlekk til að skoða endurgjöf með verkefni sér hann fyrst mat á einstökum þáttum með matskvarðanum en endurbætir síðan verkefnið út frá athugasemdum og umsögn. Er það einkum vegna jákvæðra viðbragða nemenda við matskvörðunum sem ég hef bætt þeim við í endurgjöf stærri verkefna. Þá hefur sá háttur verið hafður á í íslenskunni að gefa möguleika á endurskilum á öllum stærri verkefnum og völdum minni verkefnum. Nemandinn styðst þá við athugasemdir og umsögn um verkefnið og endurbætir það í ljósi þess sem þar kemur fram.

Endurgjöf frá kennara felst í athugasemdum sem taka fyrst og fremst mið af þeim markmiðum sem eru að baki verkefninu og koma fram í fyrirmælum sem fylgja því. Ég hef haft það þannig hjá mér að ef vel er unnið að endurbótum hækkar námsmat fyrir verkefnið frá 0,5 til 1,5. Lægri talan miðast við endurbætur á stafsetningu og uppsetningu en hærri talan ef einnig er unnið vel úr efnislegum athugasemdum. Í sumum tilvikum vinna nemendur nokkur sambærileg verkefni yfir önnina og eiga að nýta sér athugasemdir með þeim til að endurbæta næstu verkefni. Þar eru þá endurskil ekki í boði.

Í mörgum verkefnum hafa nemendur áhrif á námsmat þeirra, bæði eigin verkefni (sjálfsmat) og verkefni samnemenda sinna (jafningjamat). Vægi þess getur verið frá 20% til 50%. Sjálfsmatið er frá 20% til 30% og jafningjamatíð frá 30% til 50%. Þegar sjálfsmat er í boði er nemandinn oftast beðinn um að skrifa stutta umsögn til að

rökstyðja mat sitt. Ef mikill munur er á mati kennara og nemandar er rætt við nemandann um í hverju munurinn felst og vísað til þeirra fyrirmæla sem fylgja viðkomandi verkefni – hvort sem um ofmat eða vanmat er að ræða. Athyglisvert er að stúlkur eru ragari við að gefa sér hátt sjálfsmat en piltar. Ef mér finnst nemandi vanmeta verkefni sitt bið ég hann um að endurskoða sjálfsmatið út frá umsögn minni þegar um endurskil er að ræða. Hugmyndin að baki sjálfsmati og jafningjamat er að nemandur leggi sig meira fram við að vanda verkefni sín þar sem þeir vilji síður gefa sjálfum sér lága einkunn. Nemendur eru beðnir um að skoða vel fyrirmælin og meta svo hvort farið sé eftir þeim og einnig hvernig þeim hefur tekist til við að vinna efnið í samræmi við fyrirmælin.

Virk þátttaka nemenda virkar vel

Reynsla mín af verkefnaíðuðu námi og leiðsagnarmati hefur sannfært mig um ágæti þess. Fyrirlestrarform hentar eflaust ákveðnum hluta nemenda við að tileinka sér þekkingu en virk þátttaka nemenda undir leiðsögn kennara er kjörin leið til að efla hæfni þeirra á öllum sviðum námsins. Þá leggur það einnig ákveðnar skyldur á herðar kennarans að hafa verkefnavinnuna fjölbreytta og áhugaverða. Leiðsögn meðan á verkefnavinnunni stendur sem og í formi endurgjafa á skilaverkefni gegnir þar lykilhlutverki. Því er afar mikilvægt að nemendur skoði vel umsagnir með verkefnum sínum og nýti sér endurskil þegar þau eru í boði.

Þáttur í því að auka áhrif umsagna með verkefnum er að gera ráð fyrir tíma í kennslustund, eftir að nemendur hafa fengið verkefni til baka með umsögn og athugasemdum. Þá fer ég vel yfir það helsta sem vel var gert í verkefnum-



SVERRIR ÁRNASON

um og það sem nemendur þurfa að betrumbæta. Hver og einn nemandi skoðar einnig vel hvað hann þurfi að bæta í næstu verkefnum.

Það er hafið yfir vafa að þeir nemendur sem skoða umsagnir með verkefnum sínum og nýta sér endurskil þegar þau eru í boði, taka mestum framförum í námi. Því er nauðsynlegt að vera óþreytandi við að leggja áherslu á að nemendur skoði vel umsagnirnar og skili verkefnum aftur þegar endurskil eru í boði.

Það er hafið yfir vafa að þeir nemendur sem skoða umsagnir með verkefnum sínum og nýta sér endurskil þegar þau eru í boði, taka mestum framförum í námi. Því er nauðsynlegt að vera óþreytandi við að leggja áherslu á að nemendur skoði vel umsagnirnar og skili verkefnum aftur þegar endurskil eru í boði.

Æsir í nýjum búningi

Iðunn Steinsdóttir hefur verið einn ástsælasti höfundur Íslands um árabil og eftir hana liggur fjöldi bóka fyrir börn á öllum aldri. Má þar nefna vinsælar bækur eins og *Gegnum þyrnigerðið*, *Skuggarnir í fjallinu*, *Með bómull í skónum* og *Jólasveinarnir*, að ógleymdri ritröðinni um hinar uppátækjasömu systur Snúðru og Tuðru. Þá hefur Iðunn einnig skrifað leikrit, skáldsögu, smásögur, blaðgreinar, þýtt erlend rit á íslensku og bækur hennar hafa jafnframt verið þýddar á nokkur tungumál. Við þetta bætist fjöldi kennslubóka. Á árunum 2006–2009 bættust á þessa myndarlegu ritaskrá þrjár kennslubækur um norræna goðafræði: *Óðinn og bræður hans – Heimur verður til*, *Lífið í Ásgarði – Gullnar töflur í grasi* og *Æsir á fljúgandi ferð – Hefnd Loka*. Iðunn er kennaramenntuð og með töluverða kennslureynslu og má því með sanni segja að hún sé á heimavelli í ritun kennslubóka.

Bækurnar þrjár mynda eina heild og skýrust verður myndin ef þær eru allar lesnar saman en þó er hver og ein skrifuð sem sjálfstæð saga og því ekkert sem mælir gegn því að lesa þær hverja í sínu lagi. Námsgagnastofnun gaf bækurnar út og sérhefti með kennsluefni og -hugmyndum eftir Iðunni fylgir hverri bók. Þar geta kennarar fundið vinnublöð fyrir nemendur, lesskilningsverkefni með spurningum og samlestrar-efni sem hentar vel til upplesturs. Þessu fylgir einnig yfirgrípsmikið hugtakasafn þar sem flest hugtök goðafræðinnar eru skýrð.

Í bókunum endursegir Iðunn efni *Snorra-Eddu* fyrir börn og bætir aðeins við frásögnina með

efni úr eddukvæðum, sér í lagi Hávamálum, en einnig Völuspá og Vafþrúðnismálum. *Snorra-Edda* var skrifuð á fyrri hluta 13. aldar og er eignuð Snorra Sturlusyni. Gylfaginning og Skáldskaparmál mynda stærsta hluta verksins en í því eru einnig Prologus og Háttatal sem koma ekki við sögu hér.

Upphaf og endir alls

Í fyrstu bókinni segir frá upphafi heimsins eins og það er útskýrt í Gylfaginningu, tilkomu Ýmis, Auðhumlu, Búra, Bors og Bestlu. Bor og Bestla eignast svo þrjá syni, Óðin, Vilja og Vé, sem verða fyrirferðarmiklir í sögunni og uppgötva lesendur þennan nýja heim með þeirra augum. Óðinn verður fljótlega þeirra fremstur og æðstur en yngri bræður hans spyrja hann spurninga og krefjast útskýringa. Bræðurnir leysa þannig að sumu leyti af hólmi Ganglera úr Gylfaginningu sem spyr Háan, Jafnháan og Þriðja spjörunum úr þannig að smám saman birtist mynd af upphafi heimsins. Gylfaginning er skrifuð eins og samtal milli lærisveins og meistara en það var algengt form á miðaldakennslurítum og þótti vel til þess fallið að koma fróðleik á framfæri. Iðunn fylgir ekki þessu formi, þó að hún feti að sumu leyti í fótspor Snorra Sturlusonar, sem hefur tekið tiltækt efni, hvort sem það voru munnlegar eða skriflegar frásagnir, og endurunnið það til lærdóms. Iðunn færir hins vegar sjónarhornið til bræðranna Óðins, Vilja og Vés, ljær þeim hugsanir og mál þannig að heimurinn verður til stíg af stigi eftir því sem lestrinum vindur fram. Með þessu verður sú grundvallarbreyting frá frumtextanum að heimurinn er ekki þegar

orðinn til líkt og í Gylfaginningu þar sem frásögnin verður upprifjun á liðnum tíma. Í bókinni verður heimur til en jafnframt er því lýst hvernig lífið í Ásgarði tekur stöðugum breytingum, nýir guðir bætast við, hallir rísa, hjónabönd myndast og ýmsar ógnir steðja að.

Í annarri bókinni segir frekar frá ýmsum atburðum í lífi guðanna. Má þar nefna söguna af því þegar Loki skar hárið af Sif og verður að bæta fyrir það með því að sækja dýrmæta gripi (eins og hamarinn Mjölni) til dverganna og afhenda guðunum, hvernig Óðinn fórnar auganu fyrir sopa úr Mímisbrunni og útskýrt er hvað varð um börn Loka. Eru þar endurunnar frásagnir bæði úr Gylfaginningu og Skáldskaparmálum.

Í þriðju bókinni eru enn fleiri þekktar frásagnir endursagðar, einkum af margvíslegum ferðalögum guðanna. Þar má finna för Þórs til Útgarda-Loka, hina spaugilegu ferð Þórs og Loka til Þryms og flug Óðins með skáldskaparmjóðinn. Iðunn fer þá leið að enda frásögnina ekki á ragnarökum heldur skilur hún við guðina í Ásgarði þar sem lífið gengur sinn vanangang. Ragnarökum og örlögum guðanna er lýst sem spádómi í annarri bókinni í kjölfar þess að Óðinn fékk visku frá Mími og Vafþrúðni.

Úr sundurleysi í samhengi
Í Gylfaginningu og Skáldskaparmálum gefa sögurnar innsýn í líf og heim guðanna en eru ekki línuleg frásögn þar sem efni er rakið frá upphafi til enda. Þótt vissulega sé fyrsti hluti Gylfaginningar lýsing á upphafinu og sagt frá ragnarökum í lokin, þá er það sem á milli kemur ekki frásögn þar sem eitt

Þórdís Edda Jóhannsdóttir
Doktorsnemi í bókmenntum fyrir alda
thj11@hi.is



leiðir af öðru. Það liggur í eðli goðafræðinnar að hún er óljós og erfitt getur reynst að temja hana, heimildir eru brotakenndar og víða þarf að geta í eyður. Þess vegna hefur norræn goðafræði verið uppspretta fjölmargra kenninga og mikið fræðiefni hefur verið skrifað um hana. Sitt sýnist hverjum um uppruna og eðli goðafræðinnar, en það sem kveikir oftast áhuga fólks á þessu efni er afþreyingargildið. Hér eigum við, umfram allt, skemmtilegar sögur af litrikum persónum sem veita fólki tækifæri til þess að gefa ímyndunarafslinu lausan tauminn, líkt og á við um allar góðar bókmenntir.

Í bókunum þremur dregur Iðunn vel fram skemmtana-

gildi þessara sagna. Hún tekur þetta gamla efni, sem er á köflum sundurlaust, og smíðar úr því heildstæða frásögn á formi sem er öllum lesendum kunnuglegt, 3. persónu frásögn í meðförum alviturs sögumanns. Bækurnar eru skrifaðar inn í hefð barnabóka og falla vel að henni; raunar væri líklega hæðgarleikur að markaðssetja þessar bækur sem almennar barnabækur fremur en kennslubækur en kosturinn við kennslubókina er sá að efnið nær vonandi til sem flestra.

Iðunn gerir frásögn *Snorra-Eddu* rökréttari með því að smíða brýr milli óljósra kafla og búa til samhengi þar sem ekkert slíkt er fyrir. Einnig býr hún til skýringar

á ýmsum fyrirbærum og guðum sem eru vart nema nafnið eitt í frumtextanum. Í flestum tilvikum hittir Iðunn á mjög sniðugar lausnir sem hljóma býsna rökréttar. Sem dæmi um vel heppnað samhengi er þegar Óðinn hangir níu nætur á trjágrein og öðlast við það margháttada þekkingu líkt og lýst er í Hávamálum en þegar hann snýr aftur til Asgarðs hafa ýmsir nýir guðir bæst við íbúafjöldann. Þar með gefst tækifæri til þess að kynna Óðinn fyrir öllum nýju guðunum og gyðjunum. Þannig skýtur Iðunn inn í frásögnina guðum eins og Ulli og Tý sem leika mjög óljós hlutverk í *Snorra-Eddu*. Hið umdeilda og óskýra stríð ása og Vana verður skyndilega skýrt



ÞÓRDÍS EDDA JÓHANNSDÓTTIR

Æsir í nýjum búningi

og skiljanlegt í útlaggingu Iðunnar og orsakasamhengi birtist í tilvikum sem ekki hafa neina tengingu í frumtextanum.

Vandað til verka

Málið á bókunum er afar lipurt og reynsla Iðunnar af skrifum fyrir börn birtist ótvírætt. Engar tilraunir eru gerðar til þess að kallast á einhvern hátt við tungumál frumtextans heldur segir hún söguna alfarið upp á nýtt með nýju tungutaki. Textinn verður þannig hvorki tilgerðarlegur né yfirþyrmandi heldur þvert á móti hversdagslegur og aðgengilegur án þess þó að

vera sérstaklega barnalegur. Fyrst og fremst er textinn þó myndinn og skemmtilegur. Mörg atvik úr lífi guðanna eru skopleg, þeir eru stundum seinheppnir, enda mannlegir, og Iðunn nýtir þetta til fullnustu og bætir við hnyttum atugasemdum eða tilsvörum. Sú leið að sýna hugsanir guðanna og láta þá tala í beinni ræðu gefur mörg tilefni til spaugs sem hæfir markið. Bjartar og glaðlegar myndir Freydísar Kristjánsdóttur stuðla enn fremur að því að gæða þennan heim lífi. Myndir hennar vekja þó stundum hugrenningartengsl við kristin fræði og Biblíumyndir, myndir af Óðni eru til að mynda ekki ósvipaðar algengum myndum af Jesú. Það er þó ef til vill fremur viðeigandi þar sem heimildir okkar um norræna goðafræði verða ætíð því marki brenndar að vera heiðið efni í meðförum kristinna manna, en allar ritaðar íslenskar bókmenntir verða til í kristnu landi og kristinni menningu þó að röt þessara sagna liggja í heiðni.

Iðunn virðist hafa lagt mikla vinnu í skipulag frásagnarinnar því að hún fylgir ekki röð atburða úr *Snorra-Eddu* heldur raðar efninu upp á nýtt þannig að eitt leiðir af öðru. Frásögnin af Iðunni og eplunum fellur til að mynda vel að framvindunni. Iðunn er nýkomin í Ásgarð þegar Óðinn hefur hangið á trénu í níu nætur og varð við það gamall og hrumur. Epli Iðunnar eru þeim töfrum gædd að yngja

þá upp sem borða þau og koma í veg fyrir hrörnun og eplin sönnuðu því ágæti sitt undir eins því Óðinn verður ungur í annað sinn. Í heildina má segja að niðurskipan efnis sé fádæma vel heppnuð í öllum bókunum.

Eitt meginaðdráttarafl sagnanna úr *Snorra-Eddu*, fyrir og síðar, er að guðirnir eru mannlegir og hafa sína galla. Þeir eru þannig andstæðir hinum kristna guði sem er háleitur og fullkominn. Það höfðar til mannsins að geta speglað sig í guðunum, sem þrátt fyrir háa stöðu geta gert mistök. Í endursögn Iðunnar verður þetta einkenni guðanna enn sterkara en í *Snorra-Eddu* því að guðirnir færast nær okkur, þeir tala kunnuglegt hversdagsmál, verða reiðir, sárir og sorgmæddir þannig að auðveldara er fyrir lesendur að lifa sig inn í atburðarásina.

Á heildina litið er verk Iðunnar virkilega vel unnið og ætti að henta vel börnum um miðbik grunnskóla. Textinn er líklega of mikill og langur fyrir yngsta stig en gæti þó hentað til upplestrar fyrir fyrstu árgangana. Útgáfan er mikill happafengur fyrir íslensk börn því að gera má því skóna að eftir því sem börn eru yngri þegar þau kynnast heimi norrænna guða, því meiri líkur eru á að efnið fylgi þeim upp á efri skólastig þar sem þau vissulega munu hitta fyrir þennan sama heim í frumtextanum. Þó að Iðunn bæti heilmiklu við texta *Snorra-Eddu* vikur hún ekki frá atburðum hennar í megindráttum. Ekki er síður dýrmætt fyrir börn að kynnast þessum ævintýralega heimi vegna þess hve samofinn hann er íslenskri, og raunar alþjóðlegri, menningu. Einfalt er til dæmis að tengja nöfn og örnefni víða um land við sögurnar sem og náttúrufyrirbrigði á borð við regnboga, sól, mána og jarðskjálfta. Þessi heimur er þannig framandi og kunnuglegur í senn.

Málið á bókunum er afar lipurt og reynsla Iðunnar af skrifum fyrir börn birtist ótvírætt. Engar tilraunir eru gerðar til þess að kallast á einhvern hátt við tungumál frumtextans heldur segir hún söguna alfarið upp á nýtt með nýju tungutaki. Textinn verður þannig hvorki tilgerðarlegur né yfirþyrmandi heldur þvert á móti hversdagslegur og aðgengilegur án þess þó að vera sérstaklega barnalegur. Fyrst og fremst er textinn þó myndinn og skemmtilegur.

Völuspá á hvíta tjaldinu

Fyrir nokkru kom út á mynddiski kvikmyndin *The Prophecy of the Seeress* sem er byggð á Völuspá og ég tel að geti verið áhugavert innlegg í kennslu á kvæðinu og goðafræðinni almennt. Myndin er 40 mínútur að lengd og hentar því vel til sýningar í kennslustund. Höfundur hennar og framleiðandi er Laurie Schapira, jungískur sálgreinir og kennari í norrænni goðafræði við C. G. Jung-stofnunina í New York. Meðframleiðandi er Dúi Landmark, sem jafnframt leikur lævisan Loka, en með aðalhlutverk fara Margrét Vilhjálmsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson.

Völuþemað er Laurie Schapira sýnilega hugleikið því árið 1988 gaf hún út bók um Kassöndruduldina (*The Cassandra Complex: Living with Disbelief*). Cassandra var trúversk prinsessa sem guðinn Apóllo gæddi spádómsgáfu gegn því að hún veitti honum blíðu sína. Þegar Cassandra hafði meðtekið gjöfina en neitaði að leggjast með honum, lagði hann á hana þá bölvun að enginn myndi trúa spám hennar og varnaðarorðum. Í *The Prophecy of the Seeress* endurómar þetta þema vantrúar og afneitunar í viðskiptum tarot-lesarans Heiðar og forstjórans Sigurðar sem er kominn út á ystu nöf en uppástendur

að „ruglið“ í henni hafi ekkert með sig að gera.

The Prophecy of the Seeress var sýnd á RIFF í september 2012. Í nóvember sama ár var hún frumsýnd vestanhafs í Scandinavia House í New York. Síðan hefur hún verið sýnd á kvikmyndahátíðum og ráðstefnum vítt og breitt um Bandaríkin og Evrópu. Í mars 2013 birtist umsögn Williams F. Briel um myndina í fréttabréfi APC (Analytical Psychology Club of New York) og hefst hún á þessum orðum (þýð. mín):

„Þetta er mynd sem hefur djúplæg áhrif á áhorfandann en án þess að hann skilji fyllilega hvers vegna. Þetta er sumpart vegna þess að myndin er svo vel gerð. Hún er listilega vel tekin. Myndavélin dvelur við hrjóstruga fegurð íslensks landslags og skapar hugblæ frumstæðra tíma á meðan völvan þylur forna norræna goðsögn um sköpun heimsins og eyðileggingu. Hún hefur líka áhrif á okkur vegna þess að þessar goðsagnir eru hluti af menningarlegri dulvitund okkar.“

Í myndinni er ferðast á milli nútíðar og fortíðar og dregin upp

hliðstæða á milli atburða sem völvan greinir frá í kvæðinu og atburða sem áttu sér stað í

Reykjavík í september 2008, „þegar útrásarvíkingar rændu bankana á Íslandi og efnahagur þjóðarinnar rambaði á barmi hruns“. Í stærra samhengi kemur hliðstæðan við heimsmynd Óðins einnig fram í skelfilegum afleiðingum styrjaldar og rányrkju mannsins á náttúrunni. Höfundurinn leitast með öðrum orðum við að vekja okkur til meðvitundar um áhrif fortíðarinnar á nútímann sem við lifum. Eins og Óðinn leitaði á náðir völvunnar til að grafast fyrir um örlög sín, leitar örvæntingarfullur forstjóri í Reykjavík nútímans svara hjá tarot-lesaranum Heiði og vekur túlkun hennar á spilunum upp minningar úr fjarlægri fortíð. Þannig fléttast sviðin tvö saman, stig af stigi. Þetta samspil nútíðar og fortíðar er enn undirstrikað með því að þau Margrét og Ingvar fara með hvor tveggja hlutverk goðsagnapersónanna og nútímafólksins. Hún leikur völvuna og tarot-lesarann Heiði, hann Óðin og forstjórann Sigurð.

Dómur Williams F. Briel, sem vitnað er í hér að ofan, er birtur í heild sinni á vefsíðu Laurie Schapira: cassandra-productions.com. Þar má einnig sjá sýnishorn úr myndinni og leiðbeiningar fyrir þá sem hafa áhuga á að verða sér úti um mynddiskinn og bjóða nemendum sínum til veislu.



Hallfríður J. Ragnheiðardóttir
Íslenskufræðingur og draumaþerapisti
hallfr@simnet.is



Rafræn útgáfa Snorra-Eddu

snorraedda.is

Út er komin ný rafræn útgáfa af *Snorra-Eddu*, snorraedda.is, ætluð til kennslu í framhaldsskólum. Efnið er Gylfaginning og valdir frásagnarkafar úr Skáldskaparmálum.

Texti Gylfaginningar hefur verið endursagður á nútímaíslensku en texti Skáldskaparmála er upprunalegur með ítarlegum skýringum. Í vefútgáfunni eru

myndir, verkefni og orðskýringar auk þess sem allur textinn hefur verið lesinn inn á hljóðskrá. Vefurinn er því einnig hljóðbók.

Markmiðið með kennsluvef helguðum Snorra-Eddu er að mæta kröfum nútímans um kennslufni á rafrænu formi og auðvela þannig nemendum að lesa og meðtaka efnið.



Snorraedda

UM ÚTGÁFUNA

HEIMSMYNDIN

GYL FAGINNING

SKÁLDSPAPARMÁL

VERKEFNI

KROSSASPURNINGAR

TENGISPURNINGAR

RITGERÐAREFNI

RITUNARVERKEFNI

KROSSGÁTUR

TÜLKUNARSPURNINGAR

MÁLNOTKUN

AUK FRÁSAGNAR Í FORMI TEXTA, MYNDA OG HLJÓÐSPILUNAR ERU FJÖLBREYTT VERKEFNI Á VEFNUM

Að útgáfunni standa tveir íslenskukennarar við Verzlunarskóla Íslands, þeir Gylfi Hafsteinsson og Þröstur Árnason, en vefurinn var styrktur af menntamálaráðuneytinu.

Vefurinn var notaður við kennslu í VÍ veturinn 2013–2014 með góðum árangri. Til að fá aðgang að vefnum þarf að skrá sig inn með notandanafni og lykilorði en þeir Gylfi og Þröstur bjóða kennurum og skólastjórnendum, sem áhuga hafa á að kynna sér hann, kynningaradgang án endurgjalds. Nánari upplýsingar veitir Þröstur Geir Árnason (throstur@verslo.is), s. 696 9874.

Hvað vilja blessuð börnin lesa? Hvað fá þau að lesa?

Í *Aðalnámskrá framhaldsskóla* um íslensku frá 1999 segir að bókmenntalestur geti stuðlað að betri skilningi á manningum og eðli hans (1999, 12):

„Bókmenntir og bókmenntaarfur skipar háan sess í menningarlífi þjóðarinnar. Þess vegna er mikilsverður þáttur í íslenskri menntun og menningu að þekkja íslenskar bókmenntir, geta notið þeirra, miðlað þeim og samið nýjar.“

Ekki er nóg að nemendur kynnist íslenskum bókmenntum, einnig er tekið fram í *Aðalnámskrá* að nemendur skuli kynnast erlendum bókmenntum til að víkka sjóndeildarhringinn (bls. 13).

Íslenskukennarar vilja gjarna kynna bókmenntir fyrir nemendum sínum, þeir vitna í námskrár skóla sinna þar sem lögð er rík áhersla á að bókmenntir séu stór hluti námsins, þeir vilja að lestur góðra bóka sé hafður í heiðri, að nemendur öðlist þekkingu á því sem gefið er út á íslensku og flæðir yfir land og þjóð á hverju ári.

Íslendingar státa af mörgum góðum höfundum sem hafa lifibrauð af því að skrifa og hafa gefið út margar bókmenntaperlur. Orðið „yndislestur“ má finna í kennsluáætlunum framhaldsskóla og er hluti af námsefni nemenda í móðurmálskenndu. Sérstakir áfangar fjalla um bækur og bóklestur og svo er bókum skotið að nemendum sem þeir lesa utan hins hefðbundna náms og opinbera svo kunnáttu sína í prófi úr tiltekinni bók. Enda stendur í *Aðalnámskrá*

að æskilegt sé að nemendur velji sér kjörbækur við hæfi í sem flestum íslenskuáföngum framhaldsskóla (bls. 13). En vilja nemendur lesa bækur sem þeir eiga að lesa eða er lesturinn bara skylda og kvöð?

Hvað ræður vali á yndislestrarbókum?

Greinarhöfundur hafði samband við íslenskukennara við nokkra framhaldsskóla og spurði þá um bókaval, bæði sem skyldulesningu og kjörbækur eða yndislestur. Ef litið er fyrst á þær bækur sem flokkast til skyldulesningar er greinilegt að íslenskar fagurbókmenntir verða fyrst fyrir valinu. *Sjálfstætt fólk* og *Íslandsklukka* Halldórs Laxness, *Brennu-Njáls-saga*, *Norðurljós* Einars Kárasonar, *Ýmislegt um risafurur og tímann* eftir Jón Kalman Stefánsson svo eitthvað sé nefnt.



En annað er upp á teningnum þegar kemur að kjörbókum, bókum sem nemandi er ætlað að lesa sér til yndis og ánægju. Þar kennir ýmissa grasa. Viða eru spennusögur valdar með það fyrir augum að ná til nemenda með því að bjóða upp á spennu og glæpi af margs konar tagi. Glæpasögur eru þægilegar aflestrar, halda lesendum við efnið og kveikja mögulega á lestrarlöngun hjá einhverjum. Hér kemur Arnaldur Indriðason sterkur inn með sögur sínar

Grafarþögn og *Mýrina*, einnig eru *Reykjavíkurnætur* komnar á lista. Þetta eru bækur sem eru til í öllum bókasöfnum og bókahillum fjölmargra heimila og því auðvelt að nálgast þær, en það skiptir miklu máli að nemendur séu ekki í vandræðum með að finna bækurnar.



Einnig er Yrsa Sigurðardóttir ofarlega á vinsældalistanum með nýlegar bækur sínar, svo sem *Ég man þig* og *Auðnina*. Stefán Máni er víða lesinn, saga hans, *Úlfshjarta*, nær til nýnema enda ætluð fólki innan við tvítugt. Anna Lilja Þórisdóttir fjallaði um hana í *Morgunblaðinu*:

„Stefán Máni, sem sumir vilja kalla Tarantino íslenskra bókmennta, er þekktur fyrir flest annað en að skrifa barn- eða unglingsvænar bækur ... en hér vendir hann kvæði sínu í kross og útkoman er þessi líka stórskemmtilega, ævintýralega og spennandi unglingsbók ... Persónur eru dregnar þéttum dráttum, krakkarnir flottir og trúverðugir, atburðarásin er hröð og töff og bókin öll hin skemmtilegasta.“



Brynja Baldursdóttir
Kennari á
eftirlaunum
**brynjab51@
simnet.is**



BRYNJA BALDURSDÓTTIR

Hvað vilja blessuð börnin lesa? Hvað fá þau að lesa?

Kennarar eins skólans hafa útbúið bókalista sem ætlaður er nemendum á fyrsta ári og fram á það þriðja. Má þar sjá milli tuttugu og þrjátíu titla og eru erlendar sögur þar í meirihluta. Á listanum eru bækur sem má toga í mismunandi dilka. Hér er smásýnishorn:

- ▶ *Brothætt* eftir Jodi Picoult
- ▶ *Svo fögur bein* eftir Alice Sebold
- ▶ *Ég heiti Ísbjörg, ég er ljón* eftir Vigdísí Grímsdóttur
- ▶ *Bettý* eftir Arnald Indriðason
- ▶ *Hin ótrúlega pílagrímsganga Harold's Frey* eftir Rachel Joyce
- ▶ *Eldvitnið* eftir Lars Kepler

Rökstuðningur fyrir valinu á bókunum er sá að gott úrval af bókum hjálpar nemendum við valið. Einnig má nefna að bækurnar voru valdar með tilliti til ýmissa þátta, til dæmis hvort bókin sé skemmtileg, hvort hún haldi lesandanum við efnið, hvort hún hafi fengið góða

umfjöllun og þess hvort búið væri að kvikmynda bókina eða ekki.

Valáfangar sem snúast um lestur

Lesi, lesi, lesi ... Þetta orð glymur í eyrum nemenda og vissulega er það göfugt markmið. Undanfarin ár hafa nemendur allmargra framhaldsskóla getað valið íslenskuáfanga sem snúast eingöngu um lestur – lestur á góðum og vönduðum bókum – sem víkka sjóndeildarhring þeirra og dýfa þeim ofan í þá dásemd að lesa, hverfa inn í ókunnan heim og snúa ekki aftur fyrr en lestri er lokið.

Þar sem áfangarnir snúast ekki um annað en lestur eru bókalistar langir og valkvíði gæti gert vart við sig. Spurningar vakna hjá nemanda sem spyr sjálfan sig: Vil ég lesa glæpasögu, skáldsögu í bland við sagnfræði, langa sögu eða stutta, sögu frá fyrri hluta 20. aldar eða jafnvel enn eldri, súrrealíska sögu eða hvað?!

Bókalistarnir frá íslenskukennurunum, sem voru svo elskulegir að liðsinna greinarhöfundu, eru þétt skrifaðir og þar kennir ýmissa grasa. *Tristrams saga* er þarna og á vef útgefandans, Forlagsins, má finna eftirfarandi texta um söguna:



„Sagan af Tristram og Ísönd er ein hin frægasta þeirra riddarasagna sem snúid var á norræna tungu á miðöldum. Yrkisefnið er ástin mikla sem ekkert fær sigrað, ekki einu sinni dauðinn. Sagan er skrifuð í orðmörgum og skrautlegum stíl og að því leyti ólík íslenskum fornsögum. Þar skiptast á lýsingar á gjöfugu og virðulegu líferni, eins og

hæfir riddurum og frúm, og svo lýsingar á brögðum og undirferli af heldur lágkúrulegu tagi, sem elskendur beita til að koma fram munúð sinni. Sagan er öðrum þræði harmsaga en umfram allt er hún þó um unað ástarinnar.“

Vonandi heillar slík umsögn einhvern unglinginn. Lesandinn sér fljótt að hér er um að ræða margnotað minni og sívinsælt, ástfangið fólk sem nær saman í lokin hvort sem er í lífi eða dauða.

Listar þeir sem hér eru til umsagnar eru ekki því marki brenndir að innihalda aðeins svokallaðar fagurbókmenntir. Léttmetið, hið auðmelta og fljótlesna, fær líka sinn sess. Spennusögurnar títtnefndu, sem sjaldnast eru hátt skrifaðar á hitamæli bókmenntanna, er að finna á listunum, Árni Þórarinnsson býður upp á Einar blaðamann sem leysir hverja gátuna á fætur annarri í sögum eins og *Morgunengli* og *Ári kattarins*. Eftirfarandi línur má lesa á vef Forlagsins:



„Hver sendir Einari klúr sms-skeyti? Og hvers konar pólitískum skollaleik er beitt í baráttunni um framtíð Síðdegisblaðsins? Blikur eru á lofti í samfélagi þar sem mennskan og illskan takast á. Og ráðgáturnar hrannast upp í lífi og starfi Einars blaðamanns. Ekki er allt sem sýnist – og kannski ekkert. Árni Þórarinnsson hefur einkar næma sýn á samtíma okkar, í senn íróníska og óvægna. Bækur hans hafa notið mikilla vinsælda og verið þýddar á fjölda tungumála. *Ár kattarins* er enn

ein perlan í mergjaðri glæpa-sagnafléttu um blaðamanninn Einar ... *Tími norðarinnar*, sem kom út 2005, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.


“

Unglingasögur eiga líka sinn sess á listum yndislestraráfanganna. Mögulega mætti bendla þessar sögur við unglunga í „eldri kantinum“, 16-18 ára.

Sif Sigmarsdóttir hefur getið sér gott orð fyrir unglingabækur sínar um dramadrottninguna en í sinni nýjustu bók skiptir hún heldur betur um gir. *Múrinn* er fyrsta bókin í flokki sem Sif kallar Freyju sögu og þar gengur á miklu í ævintýri sem hún segir nokkuð í anda *Hungurleikanna*. Í *Fréttatímanum* 21. nóvember 2013 segir Þórarinn Þórarinnsson:

„Það er mikið aksjón í gangi í *Múrnum*. Þetta er drungaleg fantasía, dálítið í anda *Hungurleikanna*. Fyrsta bókin í flokknum Freyju saga og hún endar á spennandi stað þannig að það kemur í það minnsta ein bók í viðbót.

“



Sögur sem samdar eru fyrir unglunga eru oftast en ekki lesnar af yngri börnum sem lesa „upp fyrir sig“. Freyja er fjórtán ára en oft eru hetjurnar í sögum fyrir unga fólkið nær þeim í aldri og lenda margar hverjar í skelfilegum aðstæðum sem ellefu til tólf ára börn gætu átt erfitt með að höndla. Hér má nefna líka söguna *Mitt eigið Harmagedón* eftir Önnu Heiðu Pálsdóttur.

Tvær bækur á listunum hafa verið færðar á svið Þjóðleikhússins, annars vegar *Karítas* Kristínar Marju Baldursdóttur og hins vegar saga Hallgríms Helgasonar um *Konuna við 1000°*. Slíkar sögur hljóta að hvetja ungt fólk í leikhús til að sjá dýrgripi sagnabókmennta lifna við á sviði. Fyrst minnst er á leikrit þá má nefna að leikrit Jóhanns Sigurjónssonar, *Galdra-Loftur*, stendur nemendum til boða sem yndislestur og er það vel. *Galdra-Loftur* kom út árið 1915 og verður því hundrað ára á næsta ári. Eflaust eiga nemendur eftir að finna samkennd með þessu verki og öðrum þjóðsagnakenndum fantasíum þar sem tekist er á við dauðann. Á vef Wikipediu má finna þennan texta um Loft:

„Loftur var sonur Þorsteins Jónssonar fálkafangara á Vörðufelli í Skógarstrandarhreppi og fyrri konu hans, Ástu Loftsdóttur. Hann ólst að einhverju eða öllu leyti upp hjá Þormóði Eiríkssyni í Gvendar-eyjum, sem talinn var kraftaskáld og fjölkunnugur. Hann var settur í Hólaskóla árið 1716. Samkvæmt þjóðsögum stundaði hann galdrakúkl í skóla og í leikriti Jóhanns Sigurjónssonar, *Galdra-Lofti*, verður það banabiti hans á meðan hann er enn á Hólum en Loftur lauk raunar stúdentsprófi árið 1722 og er ekkert vitað um hann með vissu eftir það.

Sjón (Sigurjón Birgir Sigurðsson) er vinsæll á yndislestrarlistum framhaldsskóla. Þar eru tíndar til bækur eftir hann, svo sem *Skugga-Baldur* og *Rökkurbýsnir*. Gyrðir Elíasson fær líka að vera með, eftir hann mega nemendur lesa *Suðurgluggann* og *Milli trjánna* svo eitthvað sé nefnt. Gott er til þess að vita að kennarar vilji sýna nemendum inn í aðra heima en

þeir upplifa daglega. Vissulega flokkast sumir tölvuleikir til fantasíu en það er allt annað að hoppa inn í töfraraunsæi Gyrðis í bók eða hinn súrrealíska heim Sjóns en að sitja við tölvu og skjóta niður furðuverur og óargadýr.




Vilja og eiga?

Nemendur eiga að lesa – samkvæmt kennsluáætlun – svo að þeir nái prófi og áfanga og geti haldið áfram í námi sínu. Þótt um nokkurt val sé að ræða komast þessar elskur ekki undan lestrinum.

Þeir sem velja yndislestraráfanga eiga líka að lesa en hafa meira val. Íslenskukennarar vilja nemendum sínum vel og draga fram í dagsljósið bækur sem þeir telja að henti þeim til afþreyingar og skyldulesningar í bland. Hvað segja svo nemendur um slíkan yndislestur? Einn kennari spurði nemendur sína um álit þeirra á yndislestri og svörin voru margvísleg og mátti greina jákvæðan tón: Gaman að hafa fjölbreyttan lista, fínt að fá að kynnast íslenskum höfundum, gott að mega velja sjálfur bækur af lista, áhuga-verður áfangi sem snýst bara um bóklestur.

Greinilegt er – miðað við þessa óformlegu könnun greinarhöfundar að íslenskukennarar leggja alúð við móðurmálið og reyna eftir mætti að uppfylla ákvæði í *Aðalnámskrá* þar sem minnst er á að bókmenntalestur auðgi orðaforða og efla máltilfinningu nemenda. Og nemendur lesa og lesa ögn meira og koma út í lífið reynslunni ríkari – og kannski með sögnina að vilja í farteskinu, að vilja lesa meira.

Laxness á skólabekk



Kristrún
Heiða
Hauksdóttir
Verkefnastjóri
útgáfu
kristrun@
forlagid.is

Á vordögum 2014 leituðum við hjá Forlaginu eftir viðhorfum íslenskukennara í grunn- og framhaldsskólum til verka Halldórs Laxness sem kennsluefnis. Kveikjan var raunar skiptar skoðanir í okkar hópi um viðtökur skólafólks á bókum Laxness og kom þar margt til – meðal annars kynslóðabil og smekkur. En úr varð að við sendum út stutta spurningakönnun um efnið og svöruðu 74 kennarar spurningum okkar. Þó að skiljanlega sé erfitt að draga miklar ályktanir út frá svo fáum svörum langar mig eigi að síður að miðla nokkrum þeirra áfram.

Af þeim 74 kennurum sem svöruðu tilgreindu 63 að nemendur þeirra læsu verk Halldórs Laxness í námi sínu. Flestir (alls 37 eða 50%) sögðu að nemendur

læsu *Sjálfstætt fólk*, *Íslandsklukkuna* eða *Sölkju Völku*, sex þátttakendur (8%) sögðu nemendur sína lesa önnur skáldverk en fyrrgreind verk Nóbelskaldsins og tuttugu kennarar (27%) sögðust aðeins láta nemendur lesa sýnishorn eða brot úr skáldverkum Laxness. Ellefu íslenskukennarar (15%) sögðust ekki nota verk Laxness sem námsefni. Skipting þátttakenda milli skólastiga var 34 grunnskólakennarar (47%) en 39 framhaldsskólakennarar (53%).

„Að lesa og skrifa hefur reyndar aldrei verið talið til mentunar á Íslandi fremur en rífa hertan þorskhaus; ekki einusinni hjá lúsafólki.“

Brekkukotsannáll

Skoðanir voru skiptar um það hvort nemendur ættu erfitt með að lesa verk eftir Laxness. Spurningin var orðuð á þennan veg: „Finnst þér nemendur eiga erfiðara með að lesa og skilja bækur Halldórs Laxness en aðrar 20. aldar bókmenntir?“ Rúmlega 40% svarenda sögðu svo ekki vera (29 kennarar) en rúmlega 30% (22 kennarar) töldu að stafsetning og málfar skáldsins þvældist fyrir nemendum. Önnur 14% (10 kennarar) sögðu að nemendur ættu erfiðara með að lesa bækur Laxness vegna þess að efni þeirra er þungt og bækurnar langar en rúmlega 15% (11 kennarar) tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.

Fyrir okkur sem störfum í útgáfu er þriðja spurningin ef til vill sú stærsta – eða sú pólitískasta. Þar var spurt um hvort kennarar teldu ráðlegt að gefa verk Laxness út með nútímastafsetningu til þess að auð-

velda nemendum lestur þeirra. Af þeim 74 sem svöruðu voru aðeins 16 (22%) kennarar á því að færa ætti stafsetninguna til nútíma-horfs. Rúmlega 60% svarenda (alls 45) sögðu að henni ætti að halda óbreyttri, 8 svarendur (11%) sögðu það ekki skipta máli og 5 (7%) kváðust ekki hafa skoðun. Þess má geta að *Gerpla* var nýverið gefin út með nútímalegri stafsetningu en hún mun þó lítið notuð í skólum, enda fremur þung aflestrar – óháð stafsetningunni. Meirihluti þeirra kennara sem svöruðu könnuninni kvaðst myndu nota bækur Laxness meira eða fremur ef þeim fylgdu góðar kennsluleiðbeiningar, skýringar eða verkefni – 57 af 74 svöruðu á þann veg (77%), sjö sögðu það ólíklegt (10%) og 10 voru ekki vissir (13%). Þá var meirihluti svarenda á því að úrval Laxnessbóka í kiljum og/eða skólaútgáfum mætti vera betra, eða 60 af þeim 74 sem svöruðu (82%). Fimm tóku ekki afstöðu til spurningarinnar (7%), einn slepti henni og átta (11%) kennarar svöruðu því til að þær bækur sem viðkomandi vildi helst kenna væru þegar til í kiljum.

Framhaldsspurningunni um hvers konar Laxnessbækur svarendur vildu til viðbótar í kilju-/skólaútgáfum og þá hvernig bækur svöruðu 59 þátttakendur. Meirihluti þeirra (27 kennarar eða 46%) sagðist vilja sjá fleiri skáldsögur en þær allra þekktustu, átta svarendur (14%) merktu við valmöguleikann greina- og ritgerðasöfn, átta (14%) merktu við ljóð og leikrit og 16 (26%) merktu við valmöguleikann sýnisbækur. Viðhorf svarenda til aukinnar rafbókaútgáfu á verkum Laxness og gildi hennar fyrir skólastarf var skipt. Rúmlega 30% svar-

enda (23 kennarar) tóku ekki afstöðu til spurningar þar að lútandi. Rúmlega 46% (33 kennarar) kváðust halda að aukin rafbókaútgáfa myndi auka lestur Laxnessbóka í skólum en 24% (17 kennarar) voru ósammála því. Þátttakendur gátu komið athugasemdum á framfæri í gegnum könnunina og kom þar margt gagnlegt fram. Einn þátttakandi kváðst til dæmis hafa kennt *Íslandsklukkuna* í 10 ár en fundið hvernig nemendur fjarlægðust efni hennar sífellt meira, þeim finnst hún þung aflestrar og kvarti undan stafsetningunni. Viðkomandi finnst þó ekki rétt að draga úr kröfum til nemenda og einfalda lesefni þótt lestarfærnin minnki – betra sé að koma til móts við nemendur með útskýringum og opinberri stafsetningu.

Einn kennari kváðst ekki kenna

„Sá sem ekki lifir í skáldskap lifir ekki af hér á jörðinni.“

Kristnihald undir jökli

verk Halldórs Laxness vegna þess að hann þyldi ekki stafsetningu þeirra, hún væri „algjört bull“ og ruglaði nemendur sem væru að læra aðrar stafsetningarreglur. Annar kennari skrifaði að skáldsögur Laxness væru verðugar til kennslu en útgáfur þeirra fráhrindandi. Mjög margir nemendur þyrftu hljóðbækur en þær væri ekki hægt að kaupa, þær væru aðeins aðgengilegar á blindrabókasafninu og ekki hefðu allir aðgang að því.

Fram kom að aðgengilegar skýringar með kennsluefni vantaði, efni sem nemendur gætu nálgast á fljótlegan hátt, svo sem neðanmáls eða á spássíum. Þetta væri til dæmis auðvelt að gera í rafrænum útgáfum. Þannig hefði Laxnesslykill á vefnum Snara.is reynst vel í hópavinnu nemenda. Í annarri athugasemd varðandi aukaefni

kom líka fram að gott væri að gera myndefni tengt bókum Laxness aðgengilegt fyrir skóla, til dæmis þætti og leikrit.

Þá vísuðu þátttakendur til mikilvægis skáldsins í ábendingum, þeir sögðu til að mynda að Laxness væri algjört lykilskáld íslenskrar bókmenntasögu á 20. öld og verk hans þyrftu alltaf að vera aðgengileg og ef bækur hans ættu ekki lengur erindi við nemendur í framhaldsskólum væri „eins gott að pakka bara saman“.


Vísbendingar úr þessari könnun hafa gagnast okkur vel hér hjá útgáfunni og verið tilefni til meiri umræðu um hlutverk og gildi bóka Halldórs Laxness sem kennslugagna. Þær munum við hafa til hliðsjónar við ákvarðanatöku í útgáfunni næstu misserin. En það er mikilvægt að halda samræðunni áfram og er það von okkar að kennarar og annað fagfólk í menntageiranum komi þar að og miðli til okkar óskum og ábendingum. Vitanlega er aldrei hægt að koma til móts við alla en við viljum gera okkar allra besta til að miðla þeim menningararfi sem fólgin er í höfundarverki Halldórs Laxness áfram til yngri lesenda og þar með framtíðarinnar.

„Auðvitað heltu þessi lókkabjörtu brennivinsfölu úngmennir yfir mig öllu því niði og klámi sem aðeins getur oltið uppúr velmentum börnum af góðu fólki, þar á meðal jafn lángsóttar antignanir og tvöföld mínusmanneskja, gasofnafæða, pólskjúskt keðjumella; en drusluðust greyin öfugir á endanum með svartadauðann í hendinni.“

Atómstöðin



KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR



Nýjar kennslubækur fyrir unglíngastígg grunnskóla



„Mér er í mun ...“ og „Með fjaðrablíki ...“

Tvæer kennslubækur af þremur fyrirhuguðum í bókmenntum fyrir efri bekkí grunnskóla hafa komið út hjá Námsgagnastofnun frá árinu 2011. Þetta eru bækurnar „Mér er í mun ...“ og „Með fjaðrablíki ...“ eftir Önnu Steinunni Valdimarsdóttur og Ingibjörgu Sigtryggsdóttur.

Í *Mér er í mun...* er að finna valda bókmenntatexta frá 13. öld og til dagsins í dag. Byrjað er á stuttri kynningu á íslenskri bókmenntasögu frá landnámi en síðan taka við bókmenntasýnishorn þar sem byrjað er á nútímanum og lesandinn er leiddur til miðalda. Höfundar eru kynntir í stuttu máli og þá kemur sýnishorn af verki eða verkum viðkomandi höfundar. Kynjaskipting er nokkuð jöfn. Öllum textum fylgja fjölbreytt verkefni þar sem ýmist reynir á einstaklingsvinnu eða hópinnu. Verkefnin hafa þann kost að krefjast þess að nemandinn túlki efnið eftir eigin höfði og sum þjálfar nemandur í ritun og annarri sköpun.

„Með fjaðrablíki ...“ (2013) er öðruvísi upp byggð en fyrri bókinn er skipt í kafla þar sem finna má sýnishorn af smásögum, skáldsagnabrot, örsögur, myndasögur og umfjöllun um kvikmyndir. Öllum textum fylgja viðeigandi verkefni en höfundar eru ekki kynntir sérstaklega. Ekki er lögð áhersla á að setja höfundana í brennidepil heldur að nemandur einbeiti sér að ákveðnum þáttum bókmenntanna og tekst það mjög vel.

Bækurnar eiga það sameiginlegt að vera þannig úr garði gerðar að ekki er nauðsynlegt að kenna þær frá upphafi til enda heldur má flakka fram og til baka í þeim og velja og hafna verkefnum og gefur þetta kennurum ákveðið frelsi í framsetningu. Ágætar kennsluleiðbeiningar fylgja bókunum þar sem, auk hefðbundinna kennsluleiðbeininga, er að finna hugmyndir að framsetningu efnis, umræðupunkta og tillögur að lausnum verkefna. Þá er það kostur að í bókunum eru margir textar og efni sem höfða ætti til unglíng. Þetta á einkum við um textana í „Með fjaðrablíki ...“ þar sem er til dæmis að finna ljóð sem hafa verið flutt sem dægurlög og verkefni sem tengjast nýlegum kvikmyndum. Í kennsluleiðbeiningunum er einnig bent á vefslóðir þar sem má finna tónlistarflutning og frekari fróðleik tengdan efninu. Sum verkefnin eru þó mjög tímafrek og því þarf oft að velja og hafna. Sem dæmi má nefna verkefni með fjórum kvikmyndum þar sem ætlast er til að horft sé á

kvikmyndina og síðan unnið með efni hennar. Svona vinna er mjög tímafrek en áhugaverð þegar vel tekst til.



Málið í mark!

Námsgagnastofnun gaf í ár út tvær verkefnabækur í málfræði fyrir unglíngastigið sem kallast *Málið í mark: Fallorð* og *Málið í mark: Sagnorð*. Þriðja bókinn, *Málið í mark: Óbeygjanleg orð*, er enn í vinnslu. Segja má að þessar bækur komi í stað gömlu *Fallorð*, *Sagnorð* og *Smáorð* sem eru börn síns tíma og tímabært að fá nýtt og ferskt efni. Höfundur er Ásdís Marín Hafsteinsdóttir, kennari og ljóðskáld. Í bókunum eru verkefni, leiðbeiningar og fróðleikur um tiltekin málfræðileg atriði. Flest verkefni í bókunum eru eyðufyllinga- eða flokkunarverkefni en leiðbeiningar með verkefnum eru almennt góðar og auðvelda nemendum að vinna verkefni sjálfstætt og á ólíkum hraða. Það má finna ritunarverkefni þar sem nemandur þurfa að gera sér grein fyrir notkun orðflokka en slík verkefni var ekki að finna í gömlu

Brynja Baldursdóttir
Kennari í
Hagaskóla
brynja69@gmail.com

Helga Birgisdóttir
Ritstjóri *Skímu*
helgabi@hi.is

bókunum. Bókunum fylgir vefefni, sem nú er í vinnslu, og ætla má að það megi nýta sem ítarefni eða til að bjóða nemendum upp á fjölbreyttari leiðir við að æfa málfræði og leysa málfræðiprautir.

Uppsetning verkefna er nokkuð góð og oftast er nóg pláss til að vinna verkefni. Einnig er kostur að efni verkefnanna tengist veruleika og reynsluheimi barna í nútíma samfélagi eins og til dæmis má sjá á því að símar og tækninýjungar koma oft við sögu. Dæmi um þetta má finna á bls. 46 í fall-orðaheftinu: „... gullfallega stelpa er enn ekki búin að samþykkja vinabeidni á Fésbók.“

Fjölbreytni verkefna er einnig kostur og má nefna að í bókinni um fallorðin er eitt af aukaverkefnum leikur fyrir allan hópinn. Helsti ókostur bókanna er sá að kápan á þeim er úr þunnum pappír og losnar auðveldlega af. Einnig mætti gefa nemendum tækifæri til að meta stöðu sína, til dæmis eftir hvern orðflokk, og ígrunda hvort þeir hafi náð betri tókum á efninu.

Kveikjur og Neistar

Nokkur umræða hefur skapast á undanförunum árum um hvernig standa skuli að málfræðikennslu. Það orð hefur legið á greininni að hún sé þurr og leiðinlegur utanbókarlærdómur, kvöð sem ná ekki að kveikja áhuga nemenda. Um þetta vandamál var rætt á ráðstefnunni *Víst er málfræði skemmtileg! En skapandi málfræðikennsla gerir hana enn skemmtilegri*, sem haldin

var í nóvember 2012 og fjallað er um í síðara tölublaði *Skímu* það ár.

Í nýju námsefni í málfræði fyrir 8. og 9. bekk, *Kveikjum og Neistum*, er brugðist við þessari umræðu og gera verður ráð fyrir að það eigi einnig við um *Loga*, sem væntanlegir eru fyrir 10. bekk. Annar höfunda, Davíð A. Stefánsson, flutti einmitt erindi á fyrrnefndri ráðstefnu. Hinn höfundurinn er Sigrún Valdimarsdóttir en Lára Gardarsdóttir hefur unnið myndefni.

Davíð og Sigrún hafa greinilega gert sér far um að námsefnið sé ekki leiðinlegt. Markmið höfunda sést strax á titlum bókanna sem gefa til kynna að þeir vilji kveikja áhuga lesenda, skjóta að þeim neistum sem tendri loga áhugans. Hins vegar forðast höfundar eins og heitan eldinn þurrar upptalningar og fróðleik sem virðist settur fram aðeins sjálfs sín vegna án þess að lesandinn ná að tengja það veruleika sínum.

Þeim mun meira er lagt upp úr leik, sköpun, skynjun, söfnun og rannsóknarvinnu á tungumálinu eins og höfundar gera lesendum grein fyrir strax í upphafi fyrstu bókar. Textinn er brotinn upp í smáa kafla, dæmi, úrklippur og rammagreinar. Lífleg og vönduð grafísk hönnun styður vel við markmiðin og gerir efnið enn meira aðlaðandi. Dæmi og viðfangsefni eru gjarna sótt í málfar og reynsluheim unglunga en um leið varast að nálgast þá með umvöndunum. Menningu þeirra er sýnd virðing og bækurnar tala til lesenda sem jafningja. Forðast er að nota hugtök eins „rangt mál“ og „málvillur“. Samt eru höfundar engir „reiðareksmenn“. Þeir hafa afstöðu en setja hana ekki fram með boðum heldur reyna þeir að laða lesendur til fylgis við sig með samræðu og rökum.

Þegar svona mikið er lagt upp úr því að nemendur njóti náms-



efnisins vakna spurningar um hvort það kunni að vera á kostnað fræðslunnar, hvort mikilvæg þekking hljóti ekki að láta undan í öllu neistafluginu. Þannig hefði drjúgur hluti náms-efnisins einhverju sinni vart verið kallaður málfræði, miklu fremur stílfræði eða bókmenntafræði, en allt er þetta málnotkun og hangir því á sömu spýtni. Og inn á milli eru kaflar þar sem tekist er á við hin „þurru“ viðfangsefni málfræðinnar, svo sem í *Neistum* þar sem lífi er blásið í greiningu hins illræmda orðflokks, atviksorða. Ánægjulegt er að sjá að orðapör eins og *bak við* og *ofan á* sem forsetningar en ekki atviksorð+forsetningu, eins og í eldri málfræðibókum.

Auk textabóka hefur efnið komið út sem gagnvirk rafbók og hljóðbók og með *Kveikjum* er komin verkefnabók sem bæði fæst prentuð og rafræn. Rafrænu útgáfunar eru aðgengilegar án endurgjalds á vef Námsgagnastofnunar. Vel hefur tekist til með útfærslu þessa miðlunarnáms-efnis þannig að hver og einn nemandi hefur raunhæft val um miðlunarform. Gaman hefði verið að sjá svipað val líka í formi verkefna en fyrirferð hópverkefna er mikil. Þó að þau kunni að henta mörgum vel gæti öðrum þótt nóg um og neistinn slokknáð. En það er ekkert sem góður kennari getur ekki séð við.



Samræmt íslenskupróf í 10. bekk haustið 2014

Í haust fékk ég eitt kvöldið eftirfarandi fésbókarskilaboð frá kennara sem kennir íslensku í 10. bekk grunnskóla:

Parna er engin umræða, og ekki verið að beita hugtökunum í neinum venjulegum skilningi. Parna er meiri áhersla á það hvað nemendur kunna ekki en hvað þeir kunna.

„Í samræmda prófinu í íslensku sem lagt var fyrir í fyrradag eru m.a. gefin upp fjögur orð og fullryrt að eitt þeirra sé aðeins til í fleirtölu. Orðin eru andstæður, áhyggjur, ákærur og þrætur. Í mínum huga eru öll þessi orð líka til í eintölu. Ég er búinn að kíkja í orðabók og BÍN og þar eru orðin líka í eintölu. Hvað segir þú um þetta? “

Ég staðfesti við kennarann að hann hefði rétt fyrir sér í þessu – vissulega væri orðið *áhyggja* langofast haft í fleirtölu en það væri samt enginn vafi á að orðið væri til í eintölu, bæði að fornu og nýju.

Vegna þess að ég hef rekist á ýmislegt vafasamt í samræmdu prófunum undanfarin ár fylgdist ég með því hvenær íslenskuprófið kæmi á netið og skoðaði það vandlega þegar það kom, snemma í nóvember. Þá sá ég að grunur minn reyndist réttur – „rétt“ svarið við áðurgreindri spurningu var *áhyggjur*. En ég sá ýmislegt fleira sem mér fannst athugasemdir í prófinu og gat ekki stillt mig um að skrifa fésbókarskjal um það. Einhverjir fjölmiðlamenn ráku augun í þessa færslu og höfðu samband við mig, og það endaði með því að ég fór í sjónvarpsviðtal um málið auk þess sem sagt var frá athugasemdum mínum í vefmiðlum.

Þetta kallaði á viðbrögð frá Námsmatsstofnun sem ber ábyrgð

á samræmdu prófunum og í útvarpsviðtali vísaði talsmaður stofnunarinnar gagnrýni minni á bug þótt hann viðurkenndi að áður nefnd spurning væri óheppileg. En „sú spurning, by the way, reyndist krökkunum mjög auðveld“, sagði talsmaðurinn. Það að nemendur svörðuðu spurningunni „rétt“, þ.e. eins og Námsmatsstofnun gerði ráð fyrir, var sem sé látið draga mjög úr alvarleik þess að vera með spurningu sem byggðist á röngum forsendum.

En hvað gerir nemandi sem fær spurningu af þessu tagi og veit að forsendurnar eru rangar – veit að öll orðin eru til í eintölu? Hann reynir vitaskuld að átta sig á því til hvers sé ætlast – hvað prófsejendur hafi verið með í huga. Það er lítill vafi á því að *áhyggjur* er líklegasta svarið – það er langsjaldnast haft í eintölu af orðunum fjórum sem

um er að ræða. Nemandinn merkir því við *áhyggjur*, enda þótt hann viti vel að það er ekki rétt – vegna þess að hann sér að það er það sem til er ætlast af honum.

Það má svo velta því fyrir sér með hvaða veganesti þessir nemendur fara út í lífið: Það er allt í lagi að gera eitthvað sem maður veit innst inni að er rangt, ef maður græðir á því og kemst upp með það.

Kannski er ekki ástæða til að leggja svona djúpan skilning í viðbrögð Námsmatsstofnunar, en það er ýmislegt fleira skoðunarvert í þeim. Þannig er haft eftir talsmanninum í fréttum Ríkisútvarpsins að samræmda prófinu „sé ætlað að reyna á máltilfinningu og hvort nemendur átta sig á tungumálinu frekar en tæknileg atriði svo sem beygingar og reglur“.

Eiríkur Rögnvaldsson

Prófessor
í íslenskri
málfræði
eirikur@hi.is

29. Hvert orðanna hér að neðan er aðeins til í fleirtölu?

P andstæður
 R áhyggjur
 S ákærur
 T þrætur

Ég sé ekki betur en samræmt íslenskupróf 10. bekkjar 2014 sé í hrópandi mótsögn við þetta. Meginhluti spurninganna reynir einmitt á „tæknileg atriði svo sem beygingar og reglur“ fremur en máltilfinningu. Ég gæti tekið fjölda dæma um þetta en örfá verða að duga. 68. spurning er t.d.: „Stofn nafnorða finnst í nefnifalli/polfalli/þágufalli/eignarfalli“. Forsendur þessarar spurningar eru reyndar rangar, en þar fyrir utan er varla hægt að segja annað en þetta sé frekar „tæknilegt atriði“ en spurning um máltilfinningu. 49. spurning er „Hvað einkennir nafnorð sem hafa veika beygingu?“, 31. spurning er „Stofn sagna finnst í...“, 33. spurning er „Hvers vegna er ý í orðinu „sýgur“? – o.s.frv. Allt eru þetta vitaskuld tæknileg atriði en koma máltilfinningu nákvæmlega ekkert við.

Hugsanlega má fella eitthvað af þessu undir matsviðmið Námsmatsstofnunar þar sem segir að til þess að fá A í íslensku þurfi nemendur að geta „[b]eitt mjög vel og af öryggi málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess, þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér mjög góða grein fyrir hlutverki þeirra“ (http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/haefnisvidmid/isl_matsvidmid.pdf). En ég sé hins vegar ekki að ofuráhersla á rétt og rangt samræmist þessu. Af 25 málfræðispurningum í prófinu eru fimm þar sem beinlínis er spurt um gott mál og vont, rétt og rangt, og nokkrar til viðbótar þar sem óbeint er spurt um þetta.

Reyndar held ég að þessi matsviðmið séu ósamrýmanleg eðli prófsins. Þegar um krossapróf er að ræða finnst mér hæpið að tala um að „beita“ hugtökum „í umræðu“. Þarna er engin umræða, og ekki verið að beita hugtökunum

í neinum venjulegum skilningi. Þarna er meiri áhersla á það hvað nemendur kunna ekki en hvað þeir kunna. Vissulega átta ég mig á því hvers vegna samræmda prófið er krossapróf – þegar um er að ræða próf sem þúsundir nemenda taka á hverju hausti skiptir máli að fljótlegt sé að fara yfir svörin og matsatriði séu sem fæst. En það er alveg hægt að semja krossapróf þar sem andinn er jákvæðari en í samræmda íslenskuprófinu – og vitanlega er grundvallaratriði að ekki séu villur í spurningunum sjálfum. Í 10. bekkjar prófinu 2014 eru þær því miður fleiri en ég hef nefnt hér.

Ég gæti skrifað langt mál um þetta próf – og samræmd grunnskólapróf í íslensku yfirleitt – og tekið fjölda dæma máli mínu til stuðnings, en það var ekki ætlunin hér. En ég fékk töluverð viðbrögð við athugasemdum mínum um daginn, og margir þökkðu mér fyrir að vekja máls á þessu. Mér finnst mál til komið að íslenskukennarar taki samræmdu prófin til umræðu og reyni að meta hvort þau þjóni tilgangi sínum (og glöggvi sig þá í leiðinni á því hver sá tilgangur er) og hvort þau séu í réttum anda.



EIRÍKUR RÖGNVALDSSON

En það er alveg hægt að semja krossapróf þar sem andinn er jákvæðari en í samræmda íslenskuprófinu – og vitanlega er grundvallaratriði að ekki séu villur í spurningunum sjálfum.

Stofn nafnorða finnst í

- K nefnifalli.
- L polfalli.
- M þágufalli.
- N eignarfalli.

Réttindalaus maður lærbraut stúlkku

Fyrirsagnir í blöðum og á netinu skipta meira máli en margur heldur, þar með talinn sá sem semur fyrirsögnina.

Fyrir fréttamann sem hefur vandað til heimildaöflunar og sett upplýsingar fram með skýrum og beinskeyttum hætti er það frekar súrt í broti – en staðreynd þó – að vita að meirihluti lesenda hans les aðeins fyrirsögnina en hættir lestrinum við svo búíð.

Þessu til staðfestingar má nefna að netrisinn Google sem rekur fjölsóttasta fréttavef í heimi, Google News, hefur upplýst að 44% þeirra sem heimsækja fréttavefinn lesa bara fyrirsagnirnar og smella ekki á eina einustu krækju til að lesa meira um að minnsta kosti eitt málefni.

Þá er vitað að lesendahópur fréttar þynnist eftir því sem líður á textann. Hópurinn sem les frétt til enda er oft æði þunnskipaður.

Þess vegna er gott að segja sem allra mest í sjálfri fyrirsögninni og á síðari árum er farið að bera á því að fyrirsagnir séu lengri en áður hafði tíðkast. Frumkvöðull á því sviði er án efa Ellý Ármanns, sem kynnti í pistlum sínum til sögunnar fyrirsagnir á borð við:

Ertu ekki að grínast kona að láta sjá þig í svona flegnum kjól og svo ertu ekki einu sinni varalituð – myndir

Fyrirsagnir Ellýjar vöktu mikla athygli og hafa eflaust stuðlað að meiri lestri en ella á fréttunum sem hún skrifaði um ástir og örlög fallega fólksins. Ég held samt að þessi stíll myndi ekki skila sama árangri, væri hann heimfærður á fréttir af stjórnámálum, viðskiptum eða náttúruhamförum.

Ertu ekki að grínast formaður landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndar, geta hagsmunir bankanna, þjóðarinnar og útgerðarinnar í alvöru farið saman – og svo ertu ekki einu sinni varalitaður – myndir

Þessi umdæmisvandi fyrirsagna er ekki bara í vefmiðlum heldur líka í dagblöðum. Munurinn er þó sá að blöðin eru að jafnaði betur prófarkalesin og þar er ekki eins mikill asi á mönnum að ganga frá textanum til að vera sjónarmun á undan keppinautunum. Menn þurfa aðeins að gæta þess að missa ekki af prentvélinni.

Þó sleppur alltaf eitthvað fram hjá vökulum augum yfirlesara og fréttastjóra. Einhver frægasta fyrirsögn íslenskrar dagblaðasögu birtist í *Degi* á Akureyri fyrir nokkrum áratugum.

Látinir þvo strætisvagna á nóttunni

Þetta þóttu mönnum mikil firn en jafnframt dá-samleg tíðindi ef hægt væri að virkja framliðna menn til þess að sinna svona skítverkum sem aðrir gefa ekki kost á sér í.

Í texta fréttarinnar kom hins vegar fram að það voru slökkviliðsmenn á Akureyri sem voru látinir þvo vagnana vegna þess að einhverjum yfirmanni á bæjarskrifstofunni þótti ótækt að láta þá híma aðgerðalaus á slökkvistöðinni á fullu kaupi ef ekkert væri að brenna.

**Bjarki
Karlsson**
Ritstjóri
Skímu
bjarki@
bjarkamal.is

Rétt er að taka fram að dæmin hér eru ekki skáldskapur. Allar fyrirsagnirnar sem hér má sjá hafa í raun og veru birst í blöðum eða vefmiðlum, einnig fyrirsögn þessarar opnu. Sem sagt, nú þýðir ekkert fyrir hvern sem er að ganga um og lærbjóta fólk. Til þess þarf að hafa réttindi.

Braust inn í skóla og stal áfengi

Hvers vegna í ósköpunum var áfengi geymt í skólanum? Hvernig skóli er þetta eiginlega?

Sterkur grunur um íkveikju á Bergþórshvoli

Dagsetning þessarar fréttar er, vel að merkja, 30. október 2009. Það eru svo sem engin ný tíðindi að lögreglurannsóknir dragist á langinn en þetta hlýtur bara að vera Íslandsmet í seinangangi á því sviði.

Fjórum sleppt eftir krufningu

Hér verður lögreglunni þó ekki legið á hálsi að leggja sig ekki alla fram við rannsókn máls, þegar þeir handtaka menn og láta kryfja þá. Kannski svolítið harkalegt en á móti kemur að þeim er þó sleppt þegar krufningin er búin.

Þjálfar hrægamm til þess að leita að líkum

Best mætti segja mér að næst ætli þeir að þjálfar sauðfé til að framleiða ull.

Staða SpKef miklu verri en menn þorðu að vona

Og þó höfðu menn vonað að hún væri alveg hreint afleit.

Bændur leita að kindum á fjórhjólum

Kindur eru ekki jafn heimskar og einhver kann að hafa haldið ef þær eru farnar að þeysa um á fjórhjólum. Þetta hlýtur að torvela nokkuð smölun en skýrir auðvitað út þennan lambakjötsskort sem allir eru að tala um.

Bifröst áfram í Borgarfirði

Mikið óskaplega gladdi það mig að fréttar þetta. Nú þurfum við bara að taka höndum saman og tryggja að Hólar verði enn um sinn í Hjaltadal.

Birgir kaupir Dominos með vinum og fjölskyldum

Þetta hef ég sjálfur margoft gert og vinir mínir líka en blaðamenn hafa aldrei sýnt því nokkurn áhuga. Furðulegt, alveg hreint.

Fólkið er fundið – höfðu keyrt upp á Gullfoss

Þetta hefði ég viljað sjá fólkið gera. Það hlýtur að hafa verið mjög vel útbúinn fjallabíll sem ók upp fossinn.



Pormóður fimmti í Póllandi

Ég hef heyrt um Lúðvík fjórtánda, Kristján tíunda og fleiri ... en ég hef aldrei heyrt um Þormóð fimmta, og veit því ekki hvort hann er konungur Póllands eða bara í opinberri heimsókn hjá pólsku hirðinni.

Svona mætti lengi halda áfram og svona fyrirsagnir eiga enn eftir að vekja athygli um ókomna tíð, eins og t.d. þegar *Akureyri Vikublað* vekur foreldra og kennara upp af værum blundi vanþekkingar með þörfum uppslætti:

Drengjum stafar meiri hættu af ókunnugum en stúlkum

Kennarar ættu að minna drengi reglulega á þetta. Þó að stúlkur séu vissulega viðsjárverðar í alla staði og drengjum stafi stöðug hættu af þeim þá er það nú einu sinni svo að þeim stafar enn meiri hættu af ókunnugum. Þrátt fyrir allt.



ÍSLENSKA Á UNGLINGASTIGI

nýtt efni



Kveikjur og Neistar

Í kennslubókunum **Kveikjur** og **Neistar** snýst íslenskunámið um leik, sköpun, skynjun, rannsóknarvinnu á tungumálinu og öllu okkar umhverfi. Í bókunum eru fjölbreytt verkefni sem ætluð eru til að auka þekkingu og færni í íslensku.



Í **Kveikjum** eru samantektir um nokkra orðflokka. Markmiðið er að nemendur fái tilfinningu fyrir mismunandi hlutverki og virkni orða og eflist þannig í íslenskunni. Með bókinni fylgir verkefnabók og ætlast er til að bækurnar séu unnar samhliða.

Í **Neistum** er lögð áhersla á framsögn, umræður, ritun af ýmsum toga, læsi, málfræði og málnotkun. Í bókinni er að finna ýmislegt um tungumálið og málnotkun sem hægt er að velta fyrir sér. Engin verkefnabók fylgir. Öll verkefni eru í lesbókinni.




Málvísir

Handbók í málfræði fyrir unglingastig

Ítarlega er fjallað um orðflokka, málnotkun, orðaforða, orðmyndun, setningarfræði og fleira því tengt.

Í bókinni er jafnframt að finna gagnlegar ábendingar um nýyrði, slettur og tökuorð.



Málið í mark

Vefur með gagnvirkum æfingum og tvö einnota vinnuhefti, fallorð og sagnorð.



NÁMSGAGNASTOFNUN

www.nams.is